




A ð F Ö N G

Sjálfbærniskýrsla 2024

Áhrif veðurfarsbreytinga

Í síðustu sjálfbæriskýrslu Aðfanga fór ég stuttlega yfir áhrif loftslagsbreytinga á framleiðslu matvæla. Í þessari skýrslu langar mig til að bæta við þá umfjöllun og ræða hversu mikil áhrif loftslagsbreytingar hafa haft á matvælaframleiðslu undanfarin ár, nánast hvar sem er í heiminum. Ég hef starfað við innkaup á matvöru í hartnær 40 ár og mín upplifun er að á síðustu 10 árum hafi loftslagsbreytingar haft afgerandi áhrif á framleiðslu matvæla og muni í framhaldinu einnig hafa áhrif á framboð, gæði og verð á matvælum.

Við sjáum út um allan heim veðurfarsbreytingar sem hafa áhrif á matvælaframleiðslu með ýmsum hætti:

- Hækkandi hitastig hefur áhrif á vaxtarskilyrði og vaxtartíma plantna. Þetta getur dregið verulega úr uppskerumagni og gæðum matvæla.
- Sums staðar sjáum við breytingu á úrkomu með meiri rigningu og stærri flóðum sem valda miklum skemmdum á landi og uppskeru. Annars staðar höfum við séð mikla þurrka, sem valda því að uppskera skemmist í heild sinni, eða uppskeran verður mun minni en ella.
- Við sjáum tíðara öfgafullt veðurfar, svo sem fellibylji, flóð, þurrka, storma, haglél að sumarlagi, hitabylgjur o.s.frv.

- Þegar loftslag hlýnar hefur það áhrif á skordýr og plöntusjúkdóma, sem hefur svo áhrif á framleiðslu á t.d. ávöxtum, grænmeti, korni, kaffibaunum, kakóbaunum og fleira. Mörg skordýr og sjúkdómar þrífast vel í hita og það getur leitt til þess að bændur þurfa að verja uppskeruna með efnavörum, sem er ekki gott fyrir afurðirnar né jarðvegin.
- Allt ofangreint hefur þegar haft mikil áhrif á gæði jarðvegs og þau næringarefni sem í honum er að finna. Þetta hefur leitt til aukinnar notkunar á tilbúnum áburði. Mikil veðrabrigði hafa áhrif á matvælaframleiðslu í mörgum heimshlutum, mismikið eftir því hvað er ræktað hvar.
- Súrnun sjávar, sem verður vegna aukningar koltvísirings í andrúmsloftinu og sjónum, hefur haft áhrif á fiskinn í sjónum, sérstaklega skeldýr.
- Þegar jöklar bráðna, vegna hlýnnar jarðar, rennur vatnið út í sjó og hækkar sjávarstöðu, sem getur haft alvarlegar afleiðingar á búsetu og leitt til flóða.

Áhrifanna gætir alls staðar


Veðurfyrirbæri eins og El Nino og El Nina hafa mikil áhrif á mismunandi svæði í heiminum og hafa alvarlegar afleiðingar fyrir vistkerfi, efnahag og samfélög. Þessi veðurfyrirbæri geta valdið ýmsum öfgafullum veðurbreytingum svo sem þurrkum,

hitabylgjum, flóðum og fellibyljum, sem geta haft mikil áhrif á náttúruna og þar með mikil áhrif á landbúnað og matvælaframleiðslu, svo sem uppskerumagn, gæði uppskeru og almennt framboð á nauðsynlegum matvælum. Heilu heimsálfurnar; Asía, Afríka, Ameríka, sem og Eyjaálfan hafa þegar orðið fyrir barðinu á þessum veðurfyrirbærum og reikna má með enn frekari áhrifum í náninni framtíð.

Áhrif í Evrópu

Á meðan Evrópa verður ekki fyrir beinum áhrifum veðurfyrirbæra eins og El Nino og El Nina, þá sjáum við engu að síður miklar hitabylgjur og þurrka á sumum svæðum, en flóð á öðrum svæðum. Í Evrópu hafa til að mynda þurrkar, skógareldar, lág vatnsstaða í ám og vötnum, valdið alvarlegum uppskerubresti og lakari gæðum matvæla. Minna framboð leiðir til hærra verðlags, sem skilar sér í hærri verðbólgu, sem skilar sér í verri lífsskilyrðum. Flutningar og samgöngur fara úr skorðum og valda vandræðum í flæði vara á milli markaða og leiðir til hærra verðlags. Framboð og eftirspurn eru í járnum og ljóst er að frekari öfgar í veðurfari setja pressu á uppskerumagn og þar af leiðandi matarverð á árinu 2025.

Framhald á næstu síðu.



Mynd frá Malatya í Tyrklandi, sem tekin var í apríl 2025 og sýnir apríkósutré en Malatya er eitt helsta ræktunarsvæði fyrir apríkósir í Tyrklandi. Vegna frosts og snjókomu á viðkvæmasta tíma ræktunarinnar, þá er talið að allt að 90% af uppskerunni hafi skemmst.

Breytinga er þörf

Breytingar á loftslagi hafa í för með sér mikla áskorun fyrir bændur og samfélög sem koma að matvælaframleiðslu, sem þurfa að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og meira krefjandi aðstæður en nokkurn tímann áður. Bændur geta ekki mætt þessari áskorun einir og sér. Það þarf meira til, þjóðir heims verða skilyrðislaust að fara betur með umhverfið, náttúruna og auðlindir. Ekkert framlag er of lítið í því sambandi, jafnvel lítil þjóð eins og Ísland getur haft áhrif, þó ekki nema væri til að setja gott fordæmi en mikilvægt er að stórar þjóðir skorist ekki undan ábyrgð.

Innlendur uppskerubrestur

Nærtækt dæmi um hvernig breytt veðurfar hér á Íslandi hefur áhrif á ræktun útiræktaðs grænmetis er uppskera af kartöflum á árinu 2024 sem varð um 25% minni en árið á undan og hefur ekki verið svo rýr síðan 1993. Þá var kornuppskera 34% minni og uppskera á gulrótum 53% minni en árið áður. Allt er þetta rakið til óhagstæðrar veðráttu, rigninga og kulda. Það er augljóst að þessi minnkun uppskeru leiðir til þess að fjöldinn allur af bændum verður fyrir umtalsverðum tekjumissi og flytja þarf inn sambærilegar vörur til að anna eftirspurn þar til næsta uppskera kemur í hús.

Flutningsleiðir

Aðföng flytur inn vörur sem fylla 2.500 gámaeiningar víða að. Leiðarljós okkar er að sem mestur hluti af innflutningi okkar, hafi sem minnst umhverfisleg áhrif. Það gerum við með því að nálgast sem mest af vörum frá Evrópu og þá sem nyrst í Evrópu. Af heildarinnflutningi Aðfanga þá kemur 91% frá Evrópu, 5% frá Austurlöndum og 4% frá Ameríku. Aðföng flytur allt með skipum,

sem er mun umhverfisvænna en að flytja með flugi. Reynt er að velja eins umhverfisvænan og hagkvæman flutningsmáta og kostur er og eins stuttar flutningsleiðir og hægt er. Þó er það þannig, að til dæmis nokkrir stórir vöruflokkar eru ekki ræktaðir eða framleiddir innan Evrópu, svo sem ananas, kókosafurðir, ákveðin tegund af hrísgrjónum, mangó og túnfiskur. Þessa vöruflokka eru Aðföng að kaupa frá Asíu og flytur með skipi.

Matarsóun

Talið er að um þriðjungur af allri matvælaframleiðslu í heiminum endi sem matarsóun. Þessi tala tekur til matarsóunar, sem verður við t.d. sáningu, við ræktun úti á akri, við uppskeru, við geymsluskilyrði hjá framleiðanda, hjá flutningsaðila, í vöruhúsi, í verslun, heima hjá neytanda og síðast en ekki sést á veitingastöðum og mótuneytum og öðrum þeim stöðum þar sem matur er borðaður utan heimilis. Lang stærsta hlutfallið matarsóunar er í frumframleiðslu og hjá neytendum. Hjá neytendum á sóunin sér stað annað hvort á heimilum eða á matsölustöðum. Matarsóun sem verður til við frumframleiðslu getur átt sér stað vegna loftslagsbreytinga, þar sem heilu akrarnir og heilu uppskerurnar skemmast, vegna veðurfars, ekki bara vegna lélegrar meðferðar eða geymsluaðferða.

Minnihluti matarsóunarinnar á sér stað hjá dreifingaraðilum og smásölum, en engu að síður er það hátt hlutfall og mikil matarsóun. Sögulega er rýrnun í vöruhúsi Aðfanga um 0,065% af veltu vöruhússins. Þessi tala er mæld mánaðarlega í vöruhúsum Aðfanga og miðað við starfsemi vöruhúsa, þá verður það aldrei þannig, að engin rýrnun sé til staðar. Okkar keppikefli er að halda þessari rýrnun innan við 0,07% árlega.



Lára Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Lára Óskarsdóttir

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði og starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís auk Stórkaups. Sögu fyrirtækisins má rekja aftur til ársins 1993 þegar það hóf starfsemi í Suðurhrauni í Garðabæ. Haustið 1998 flutti fyrirtækið í Skútuvog 7 og hefur það þróað starfsemi sína þar fyrir þurrvörulager og í Korngörðum 1 fyrir kæli- og frystivörulager. Ferskar kjötvörur urðu hluti af Aðföngum árið 2020 en fyrirtækið er einn af stærstu kjötverkendum landsins og býður neytendum upp á það besta frá íslenskum bændum. Aðföng flytja einnig inn léttvín frá helstu vínræktarhéruðum heims sem selt er í netverslun Haga Wines og í vinbúðum.

Stærðarhagkvæmni

Stærðarhagkvæmni er lykilstef í allri starfsemi Aðfanga en um 15.000 vörunúmer, sem koma frá 30 viðskiptalöndum, fara í gegnum vöruhús fyrirtækisins og þeim er svo dreift í 70 verslanir. Nýjasta tækni er nýtt við rekstur fyrirtækisins hvar sem því verður við komið. Til þess að Aðföng geti sinnt sínu kjarnahlutverki, að tryggja íslenskum neytendum hágæða mat- og dagvöru, skiptir skilvirkur flutningur, gagnsæi í uppruna vöru og gæði öllu máli.

Umhverfismál

Aðföng leggja metnað í að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar og með skilvirkum verkferlum og umhverfisvænum lausnum leggur Aðföng sitt á vogarskálarnar. Gott dæmi um þetta er framboð á matvælum úr lífrænni ræktun, en Himneskt er vörumerki í eigu Aðfanga sem framleiðir hágæða matvörur úr lífrænni ræktun.

Eftirsóknarverður vinnustaður

Hjá Aðföngum starfa að jafnaði um 180 manns í 150 stöðugildum en gott starfsfólk er lykillinn að góðum árangri og því leitast Aðföng við að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Aðföng hefur einsett sér að vera heilsueflandi vinnustaður fyrir starfsfólk sitt og að sjá til þess að allir fái tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.

Gildin okkar

Ábyrgð

Hver og einn ber ábyrgð á sínu viðhorfi og sínum árangri

Liðsheild

Samvinna stuðlar að betri árangri og öflugri liðsheild

Heiðarleiki

Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að segja sannleikann og draga ekkert undan

Metnaður

Við leitum stöðugt að nýjum leiðum til að bæta störf okkar, fyrirtækið og umhverfið til að þjóna viðskiptavinum okkar betur

 **1993**
Stofnað

 **~180**
Starfsfólk

 **~30**
Viðskiptalönd

 **~70**
Verslanir

 **~15.000**
Vörunúmer

Sjálfbærni snýst um að sjá til þess að við sem nú lifum skiljum við náttúruna á þann hátt að komandi kynslóðir geti lifað jafngóðu eða betra lífi. Sjálfbærnistefnunni er ætlað að tryggja að Aðföng leggi sitt af mörkum til að svo megi verða.

Markmið og gildissvið

Markmið stefnunnar er að fyrirtækið sé með metnaðarfulla, skýra og aðgengilega stefnu í sjálfbærni til þess að innleiða í sína kjarnastarfsemi. Stefnan tekur til allrar starfsemi og starfstöðva Aðfanga.

Ábyrgðaraðilar stefnunnar og eignarhald

Framkvæmdastjórn Aðfanga samþykkir sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og sér til þess að stefnan sé uppfærð á tveggja ára fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnan sé innleidd og henni fylgt innan félagsins. Árangur í sjálfbærnimálum er tekinn fyrir árlega í sjálfbærniskýrslu Aðfanga og kynntur í ársuppgjöri Haga ár hvert. Birta skal stefnuna á vef Aðfanga.

Sjálfbærnumgjörð Aðfanga

Á grundvelli mikilvægisgreiningar er settur upp heildstæður rammi utan um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnaðhætti (UFS) félagsins.

Mikilvægustu UFS viðfangsefnin eru skilgreind sem þau atriði sem hafa eða gætu haft mest áhrif á fyrirtækið og hagaðila þess. Skilgreindir eru hagaðilar fyrirtækisins með viðtölum og á vinnustofum með stjórnendum Aðfanga.

Sjálfbærniramminn byggist á mikilvægisgreiningu í samræmi við leiðbeiningar um mikilvægismat sem samdar voru af Evrópsku ráðgjafanefndinni um reikningsskil (EFRAG). Hér fyrir neðan má sjá ferlið sem Aðföng notast við þegar sjálfbærnistefnan er endurskoðuð og uppfærð.

Mikilvægi er skilgreint og ákvarðað út frá tveimur sjónarhornum:

Metið út frá hagaðilum

„Skilningur á framþróun, árangri og stöðu Aðfanga“ og „viðtækur skilningur á verðmætum fyrirtækisins.“

Ákvarðað út frá sjónarhorni stjórnenda Aðfanga

„Forgangsraða viðfangsefnum sem endurspeglar mikilvægustu áhrif þess á efnahag, umhverfi og samfélag.“

Til þess að greina og forgangsraða UFS þáttum fyrir sjálfbærnistefnu eru hagaðilahópar beðnir að leggja mat á mikilvægi UFS þátta með stafrænni könnun. Þessir hagaðilahópar eru; stjórnendur Aðfanga, stjórnendateymi Haga, starfsfólk, viðskiptavinir og birgjar.

Tvöföld mikilvægisgreining Aðfanga (e. Double materiality analysis) til að finna helstu UFS áhrif tengd fyrirtækinu



Þegar sjálfbærnumgjörð Aðfanga er fullmótuð, þá er hún aðlöguð að UFS viðmiðum Nasdaq sem skiptist í eftirfarandi þrjá flokka:

Umhverfispættir

Snúast um að lágmarka áhrif á loftslag og önnur umhverfisáhrif í virðiskeðjunni.

Félagslegir þættir

Varpa ljósi á starfsfólk Aðfanga, birgja og viðskiptavini sem og þau jákvæðu samfélagslegu áhrif sem Aðföng geta stuðlað að.

Stjórnarhættir

Byggja á skýrum viðmiðum fyrir stjórnendur og starfsfólk Aðfanga og hvernig stefnum og ferlum er varða sjálfbærni skal fylgt eftir.

Lykilmælikvarðar Aðfanga til ársins 2027

Umhverfispættir	Félagslegir þættir		Stjórnarhættir
Lágmörkun úrgangs og sóunar	Heilbriggt starfsumhverfi	Áhrif á samfélag	Ábyrgir stjórnarhættir
Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni Draga úr úrgangi frá rekstri Losun gróðurhúsalofttegunda	Heilsa og öryggi á vinnustað Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	Samfélagsleg áhrif vöruframboðs Auka heilbrigði og vellíðan	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga

Aðföng hefur farið í gegnum stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni ásamt öðrum dótturfélögum Haga. Framkvæmd var greining á sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættu og tækifærum í þeim tilgangi að ákvarða hvaða sjálfbærnimálefni væru mikilvægust fyrir fyrirtækið. Vinna þessi lagði grunn að uppfærðum sjálfbærni- og umhverfisstefnum Aðfanga auk þess sem fyrirtækið setti sér markmið og skilgreindi leiðir að markmiðum.

Stefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SP) og er lögð sérstök áhersla á fjögur markmið; Heilsa og vellíðan, Aukinn jöfnuður, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum. Sjálfbærnistefna Aðfanga er aðlöguð að UFS viðmiðum Nasdaq sem skiptast í þrjá flokka; umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir:

Umhverfisþættir

Aðföng leggur megináherslu á að draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjum sínum þar sem dregið verði úr að vörum og mat sé hent og þær heldur nýttar á einn eða annan hátt.

Aðföng mælir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol. Leitast er við að lágmarka úrgang frá rekstri Aðfanga með hringrásarhugsun, vali á umhverfisvænum umbúðum og flokkun á úrgangi.

Aðföng hefur reiknað út grunnkolefnisspor í umföngum 1, 2 og 3, og sett sér skýr markmið með tilliti til allra losunarþátta. Þegar Aðföng hefur fengið skýra yfirsýn á losun verður áætlun mótuð til að draga úr losun til 2027. Notast verður við ábyrgar mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu í samstarfi við aðila sem bjóða upp á vottaðar kolefniseiningar en leitast verður við að styðja við framleiðslu á íslenskum kolefniseiningum.

Félagslegir þættir

Aðföng sækist eftir góðu og fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og jafnrétti á vinnustað. Með því skapast breiðari og fjölbreyttari þekking hjá félaginu þar sem allir fá jöfn tækifæri. Innan Aðfanga eru fordómar, áreitni og einelti ekki liðið.

Fyrirtækið leggur áherslu á að þróa heilsueflandi starfsumhverfi og er vellíðan á vinnustað mikilvægur partur af stefnu Aðfanga, þar sem er bæði hugað að heilsu og öryggi á vinnustað.

Fyrirtækið hefur einsett sér að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif með fræðslu til neytenda og vöruframboði með aukinni áherslu á sjálfbærar, vottaðar og heilsusamlegar vörur.

Stjórnarhættir

Aðföng tryggir að stjórnarhættir séu ávallt til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur. Fyrirtækið tryggir gagnsæi í virðiskeðju og að koma í veg fyrir hvers kyns spillingu með því að innleiða siðareglur fyrir starfsfólk, birgja og þjónustuaðila sem eru undirritaðar með reglubundnum hætti.

Gagna- og persónuverndarstefnur verða innleiddar og verkferlar til stuðnings.

Sjálfbærni og loftslagsmál verða innleidd sem fast viðfangsefni á fundum hjá stjórnendum. Fyrirtækið gefur árlega út sjálfbærniskýrslu sem miðlar markmiðum og lykilmælikvörðum Aðfanga.

Áhersla á fjögur heimsmarkmið



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 10

Aukinn jöfnuður



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum

Sjálfbærnitengd áhrif Aðfanga geta ýmist verið raunveruleg eða möguleg, jákvæð eða neikvæð og átt sér stað í eigin starfsemi eða í virðis_keðju félagsins. Á meðal mikilvægustu áhrifa Aðfanga er losun gróðurhúsalofttegunda í virðis_keðju félagsins og þau áhrif sem fyrirtækið hefur á eigin mannauð t.a.m. með aðgerðum félagsins í tengslum við heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og starfsþróunarmál.

Við mat á fjárhagslegri áhættu í tengslum við stefnumótunarvinnu var horft til atriða sem geta haft fjárhagsleg áhrif á Aðföng. Helsta sjálfbærnitengda áhætta í starfsemi Aðfanga er hugsanlegur kerfislægur vöruskortur í virðis_keðju sem afleiðing af loftslagsbreytingum. Takmörkun framboðs sem bundið er við einstaka vörutegundir felur í sér óverulega áhættu fyrir Aðföng. Aðlögunarhæfni félagsins gerir því kleift að bregðast við slíkum breytingum á framboði. Hins vegar komi til þess að vöruskortur verði kerfislægur vegna uppskerubresta og útflutningsbanna með þeim hætti að matvælaöryggi Íslands sé ógnað varðar það mjög fjárhagslega hagsmuni félagsins.

Myndin hér til hægri sýnir hvernig mismunandi sjálfbærnimálefni raðast eftir mikilvægi fyrir Aðföng.



A ð F Ö N G



Umhverfi

Umhverfisstefna Aðfanga er sett fram með það að leiðarljósi að leggja áherslu á mikilvægi umhverfissjónarmiða í daglegri starfsemi félagsins. Meginmarkmiðið er að Aðföng leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar og styðji við mikilvægi þess að starfsfólk sé meðvitað um aðgerðir félagsins í þágu umhverfisins. Aðföng vilja stuðla að sjálfbærri nýtingu á auðlindum jarðarinnar í þágu íbúa hennar, atvinnulífs og komandi kynslóða, til efnahagslegs og félagslegs ábata.

Umfang

Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi Aðfanga. Stjórnendur og annað starfsfólk er hvatt til að kynna sér stefnuna, framfylgja henni í einu og öllu og leita leiða til umbóta í umhverfismálum félagsins.

Með gerð þessarar stefnu skuldbindur fyrirtækið sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Stöðugt ber að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfshátta þeirra atvinnugreina sem Aðföng starfar í, tæknipróunar, þarfa neytenda og væntinga viðskiptavina.

Umhverfisstefna

Umhverfisvernd skal höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Umhverfisstefna Aðfanga byggist á fjórum meginstoðum:

- Loftslagsmál
- Hringrásarhagkerfi
- Mengun
- Líffræðileg fjölbreytni

1 Loftslagsmál

Aðföng leggur áherslu á að þekkja áhrif félagsins á loftslagið og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá er á sama tíma mikilvægt að tryggja seiglu félagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Sérstök áhersla er lögð á að Aðföng:

- Mæli og hafi reglulegt eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda, bæði í eigin rekstri sem og í virðiskeðju sinni.
- Setji sér markmið um samdrátt í losun með hliðsjón af markmiðum íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins.
- Innleiði og endurskoði með reglubundnum hætti aðgerðaráætlun sem miðar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Hugi sérstaklega að orkusparandi aðgerðum í allri starfsemi, hvort sem er á skrifstofum, í vöruhúsum, í akstri á flutningsleiðum og í framkvæmdum á vegum fyrirtækisins.
- Taki mið af sjálfbærnisjónarmiðum við innkaup í þágu starfseminnar.
- Fjárfesti með ábyrgum hætti í verkefnum sem hafa það að markmiði að binda kolefni úr andrúmslofti.
- Vinni markvisst að því að auka seiglu og aðlögunarhæfni gagnvart mögulegum afleiðingum loftslagsbreytinga, s.s. uppskerubresti í virðiskeðju félagsins.



Malarrifsviti á Snæfellsnesi – Mynd eftir Jack Anstey

2 Hringrásarhagkerfi

Það er stefna Aðfanga að lágmarka alla sóun og innleiða hringrásarhugsun í starfsemi félagsins. Einkum er lögð áhersla á að:

- Halda úti mælingum á vörusóun og þeim úrgangi sem fellur til í starfseminni.
- Leita stöðugt leiða til að draga úr vörusóun, minnka úrgangsmagn og bæta flokkunar- og endurvinnsluhlutfall.
- Hafa sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi við hönnun og efnisval á umbúðum fyrir eigin framleiðsluvörur.

3 Mengun

Aðföng leggur ríka áherslu á forvarnir og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir og lágmarka líkur á hvers konar mengun, hvort sem er á landi, vatni eða andrúmslofti, í eigin rekstri eða í virðiskeðju félagsins.

4 Líffræðileg fjölbreytni

Þótt þekking á áhrifum félagsins á líffræðilega fjölbreytni sé enn takmörkuð, er það þekkt að matvælaframleiðsla og dreifing vara getur haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á sama tíma og slík framleiðsla reiðir sig að miklu leyti á hann. Það er stefna Aðfanga að efla þekkingu sína á slíkum neikvæðum áhrifum, einkum í virðiskeðju félagsins, og kappkosta að draga úr þeim eftir fremsta megni.

Eftirfylgni og endurskoðun

Umhverfisstefnan er unnin í samstarfi við Haga og hin dótturfélögin. Rekstrarstjórn Aðfanga er ábyrg fyrir framkvæmd og eftirfylgni með umhverfisstefnu félagsins í nánú samstarfi við forstöðumann sjálfbærni hjá Högum og sjálfbærniráð Haga. Umhverfisstefna félagsins er sett til tveggja ára í senn og skal yfirfarin og endurmetin að þeim tíma liðnum.



Landmannalaugar – Mynd eftir Jon Flobrant


Aðföng hafa framkvæmt mikilvægismat í þeim tilgangi að forgangsraða útreikningum á losunarpáttum eins og þeir eru skilgreindir í Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðinni. Mikilvægismat þetta er endurskoðað árlega. Við matið er annars vegar horft á áætlað eða útreiknað umfang losunarpáttar og hins vegar hversu aðgengilegt er að framkvæma útreikninga á viðkomandi losunarpætti.

Niðurstöðu matsins má sjá á meðfylgjandi mynd til hægri og hér fyrir neðan er að finna skilgreiningar til að auðvelda lestur myndarinnar.

Grænmerktir losunarpættir eru þeir sem taldir hafa verið fram í fyrri uppgjörum félagsins á meðan þeir rauðmerktu hafa ekki verið gerðir upp hingað til.

Skilgreiningar

- **Aðgengileiki**
Aðgengileiki, gæði og magn upplýsinga og losunarstuðla sem þörf er á til útreikninga.
- **Umfang losunar**
Útreiknuð eða áætluð losun í koltvísýringsgildum.
- **Grænn**
Losunarpáttur var hluti kolefnisbókhalds í fyrri skýrslum Aðfanga.
- **Appelsínugulur**
Losun hefur ekki verið reiknuð út en verður bætt við á næstu árum.



Heildaryfirlit losunar – Umfang 1, 2 og 3

Sjálfbærniuppgjör Aðfanga fyrir árið 2024 er unnið í samstarfi við Klappir og er notast við Sustainability Platform hugbúnaðarlausnina við söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Þær upplýsingar sem uppgjörið byggist á eru jafnframt hluti af sjálfbærniuppgjöri Haga sem hlotið hefur staðfestingu óháðs endurskoðanda.

Sjálfbærniuppgjörið er gert í samræmi við valda upplýsingaliði í ESRS sjálfbærnistöðlum ESB (e. European Sustainability Reporting Standards).

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023	2024
Umfang 1	tCO ₂ í	289	507	423
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	58	63	59
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í	58	1.635	1.960
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	347	570	482
Umfang 3	tCO ₂ í	92.484	102.167	90.034
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	92.831	102.737	90.515
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ í	92.831	104.308	92.416
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets				

Umfang 1 og 2 – Samsetning losunar

Umfang 1
Losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 lækkar um 16,6% á milli ára. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af minni leka af kælikerfi Ferskra kjötvara, en fyrirhugað er að kælikerfið verði að fullu kolsýruvætt á árinu 2026. Þá lækkar losun vegna eldsneytisnotkunar um 3,3% á milli ára.

Umfang 2
Losun í umfangi 2 lækkar um 8% á milli ára, sem skýrist einkum af breytingu á losunarstuðli.

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023	2024
UMFANG 1 - SAMSETNING LOSUNAR				
Heildarlosun	tCO ₂ í	288,6	507,1	423,0
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	229,3	257,2	248,6
Lekalosun	tCO ₂ í	59,4	249,9	174,4
UMFANG 2 - SAMSETNING LOSUNAR				
Heildarlosun	tCO ₂ í	57,9	63,0	57,8
Rafmagn	tCO ₂ í	29,0	32,3	27,9
Hitaveita	tCO ₂ í	28,9	30,6	29,9

Umfang 3 – Samsetning losunar

Umfang 3

Losun í umfangi 3 lækkar um 12,1% á milli ára. Helsta ástæða lækkunarinnar er aukin nákvæmni í útreikningum á losun vegna aðkeyptrar vöru til endursölu þar sem töluvert hærra hlutfall losunar er nú reiknað út frá þyngd vara í stað kostnaðar samanborið við fyrra ár, þ.e. 56% árið 2024 miðað við 30% árið 2023.

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2022	2023	2024
UMFANG 3 - LOSUN Á FYRRI STIGUM				
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta				
Heildarlosun	tCO ₂ í	90.385	100.087	87.891
Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu	tCO ₂ í	90.385	100.087	87.891
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi				
Heildarlosun	tCO ₂ í	68,0	75,0	76,9
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í	55,2	61,7	60,8
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0,1	0,1	0,1
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	12,7	13,1	16,0
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing				
Heildarlosun	tCO ₂ í	1.922	1.954	2.046
Flugfrakt	tCO ₂ í	23,4	12,3	8,3
Sjóflutningur	tCO ₂ í	1.343	1.438	1.530
Landflutningar	tCO ₂ í	555,7	504,2	507,3
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri				
Heildarlosun	tCO ₂ í	102,4	43,4	15,5
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	102,4	43,4	15,5
Flokkur 6: Viðskiptaferðir				
Heildarlosun	tCO ₂ í	6,5	6,8	5,0
Flugferðir	tCO ₂ í	6,5	6,8	5,0

Kolefnisbókhald Aðfanga er gert í samræmi við Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðina (GHG Protocol). GHG Protocol skiptir losun frá fyrirtækjarekstri í þrjú umföng:

Umfang 1: Bein losun frá rekstri, s.s. eldsneytisnotkun og lekalosun.

Umfang 2: Óbein losun vegna aðkeyprar orku, s.s. rafmagns- og heitavatnsnotkun.

Umfang 3: Önnur óbein losun í virðiskeðju félagsins, t.d. vegna aðkeyprar vara, vöruflutnings, úrgangs frá rekstri og viðskiptaferða.

Hugbúnaðarlausn

Aðföng nota Sustainability Platform hugbúnaðarlausn Klappa til að halda utan um kolefnisbókhald félagsins og safna gögnum sem notuð eru við uppgjör.

Hugbúnaðarlausnin gerir fyrirtækinu kleift að tryggja rekjanleika bókhaldsgagna niður á bæði eignir og birgja.

Umfang 1

Eldsneytisnotkun

Gögnum um eldsneytiskaup í lítrum er safnað sjálfvirkt frá birgjum í gegnum Sustainability Platform. Losunarstuðlar frá DEFRA eru notaðir til útreikninga.

Lekalosun

Upplýsingum um leka af kælikerfum í kílógrömmum eftir tegundum kælimiðla er safnað frá birgjum og hlaðið upp í Sustainability Platform. Notast er við losunarstuðla frá DEFRA til útreikninga.

Umfang 2

Rafmagnsnotkun

Gögnum um rafmagnsnotkun í kilóvöttum er að mestu leyti safnað sjálfvirkt í gegnum Sustainability Platform. Í leigurýmum þar sem Aðföng er ekki sjálft skráð fyrir rafmagnsmælum er gögnum safnað frá leigusölum. Losunarstuðull frá Umhverfisstofnun er notaður til útreikninga á staðbundinni losun og losunarstuðull byggður á orkublöndu uppgefinni af Orkustofnun er notaður til útreikninga á losun með markaðsaðgerðum.

Heitavatnsnotkun

Gögnum um heitavatnsnotkun í rúmmetrum er ýmist safnað saman sjálfvirkt í gegnum Sustainability Platform eða beint frá veitufyrirtækjum eða leigusölum. Losunarstuðull frá Klöppum er notaður til útreikninga.

Umfang 3

Aðkeypt vara og þjónusta

Útreikningur fyrir árið 2024 tekur til aðkeyprar vara til endursölu.

Ekki var náð utan um aðkeypta vöru og þjónustu til notkunar í eigin rekstri.

Gögnum vegna aðkeyprar vöru til endursölu er safnað úr innri kerfum. Í tilvikum þar sem upplýsingar um þyngd vöru liggja fyrir ásamt samsvarandi losunarstuðli er losun reiknuð út frá þyngd vöru (average data method). Í tilvikum þar sem erfiðleikum er háð eða ekki er unnt að reikna út losun út frá þyngd er hún reiknuð út frá kostnaðarverði vara (spend-based method).

Eftirfarandi gagnagrunnar voru notaðir við útreikninga:

Gagnagrunnur	Vöruflokkar	Mælikvarði	Ár
The Big Climate Database (v1.2)	Matvara	Magn (kg)	2024
WRAP Emission Factor Database (v2)	Matvara	Magn (kg)	2024
USEEIO Supply Chain Greenhouse Gas Emission Factors (v1.3)	Matvara og Sérvara	Kostnaður	2024

Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Umrædd stærð er reiknuð út frá fyrirbyggjandi gögnum um eldsneytis- og orkunotkun. Losunarstuðlar frá DEFRA og Veitum ohf. eru notaðir við útreikninga.

Aðkeyptur flutningur og dreifing

Gögnum um aðkeyptan flutning og dreifingu er safnað frá flutningsaðilum og þeim hlaðið upp í Sustainability Platform. Aðferðin sem notuð er til útreikninga á losun kallast „distance-based method“. Samkvæmt henni eru upplýsingar um þyngd farms, flutta vegalengd og flutningsmáta notaðar til grundvallar útreikningi á losun. Losunarstuðlar eru frá birgjum og DEFRA.

Úrgangur

Upplýsingum um þann úrgang sem fellur til í starfseminni er að mestu safnað sjálfvirkt frá birgjum í gegnum Sustainability Platform. Í tilvikum þar sem gagnatengingar eru ekki til staðar eru upplýsingar fengnar beint frá úrgangshirðuaðilum. Upplýsingum er safnað um þyngd úrgangs og úrgangstegundir. Losunarstuðlar DEFRA eru notaðir til útreikninga þar sem tekið er tillit til úrgangstegunda og endurvinnslu- og förgunaraðferða. Losun vegna fráveitu hefur ekki verið gerð upp.

Viðskiptaferðir

Gögnum um viðskiptaferðir er safnað sjálfvirkt í gegnum Sustainability Platform. Eingöngu eru flugferðir frá Ícelandair í útreikningum og vantar því losun vegna flugferða með öðrum flugfélögum, gistinátta, leigubílaferða og annarra hugsanlegra viðskiptaferða.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu og mikilvægi losunarbátta í umfangi 3:

Losunarbáttur	Talið	Mikilvægi
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta	Að mestu	Mjög hátt
Flokkur 2: Fastafjármunir	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	Talið	Lágt
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing	Talið	Hátt
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	Að mestu	Miðlungs
Flokkur 6: Viðskiptaferðir	Að hluta	Lágt
Flokkur 7: Samgöngur Starfsmanna	Ótalið	Lágt
Flokkur 8: Leigðar eignir	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 9: Flutningur og dreifing á síðari stigum	Ótalið	Óvitað
Flokkur 10: Áframhaldandi vinnsla á seldri vöru	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 11: Notkun á seldri vöru	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 13: Útleigðar eignir	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 14: Sérleifishafar	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 15: Fjárfestingar	Á ekki við	Á ekki við



Hnetuskeljar í Kenía

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá Aðföngum þykir okkur jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er stefna Aðfanga að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Þá leggjum við áherslu á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Við höfum fjárfest í eftirfarandi verkefnum með öðrum dótturfélögum Haga.

Bio-Logical

Binding kolefnis með framleiðslu lífkola úr hnetuskeljum í Kenía. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er a.m.k. 100 ár, en gæti numið margfalt því. Verkefnið er vottað af puro.earth. Í samvinnu við önnur dótturfélög Haga var fjárfest í 83 vottuðum kolefniseiningum sem munu raungerast á þessu ári.

Carboneers

Binding kolefnis með framleiðslu á handgerðum lífkolum á Indlandi. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á valdeflingu kvenna, en 60% stjórnenda verkefnisins eru konur. Verkefnið hefur verið vottað af Carbon Standards International og Aðföng hafa í samvinnu við önnur dótturfélög Haga fjárfest í 42 kolefniseiningum.

Ísorka

Forðun kolefnislosunar með uppsetningu og auknu aðgengi að rafhleðslustöðvum. Verkefnið hefur hlotið VERRA vottun og Aðföng hafa í samvinnu við önnur dótturfélög Haga fjárfest í 2.106 kolefniseiningum.

Flokkun og endurvinnsla

Á starfsstöðvum Aðfanga er allur úrgangur flokkaður og við reynum eftir fremsta megni að hafa úrgangsstraumana sem hreinasta, en þannig má hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika hvers flokks hjá söfnunar- og úrgangsmeðhöndlunaraðilum. Til að auðvelda starfsfólki úrvinnslu og flokkun er notast við flokkunarmerkingar, sem búa til aðgreiningu með lit, myndmerki og heiti úrgangsflokks. Fræðsluefni um rétta úrgangsmeðhöndlun og flokkun er reglulega miðlað til starfsfólks. Skipulag flokkunar má sjá töflunni hér til hliðar.

Hlutfall endurheimts úrgangs

Mikill samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs hefur átt sér stað á síðustu árum og má rekja til þess að árið 2019 fóru 335.952 kg í urðun en aðeins 20.759 kg árið 2024. Þetta er samdráttur um heil 93,8%.

Hlutfall endurheimts úrgangs hækkar úr 81% í 95,5% á milli ára sem skýrist einkum af bættri úrgangsmeðhöndlun þjónustuaðila þar sem hærra hlutfall úrgangs er nú endurheimt í stað þess að fara í urðun.


Flokkunarhlutfall

Flokkunarhlutfall úrgangs var 81,8 % árið 2022 en fór upp í 89,4% árið 2023. Hins vegar tapaðist áður áunnin bæting flokkunarhlutfalls úrgangs á árinu 2024 og endaði í 81,3%. Vinna er hafin við nánari greiningu á hvað orsakaði þessa lækkun.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2022	2023	2024
Samtals úrgangur	Kg	407.527	431.151	458.051
Flokkaður úrgangur	Kg	333.876	362.977	372.284
Óflokkaður úrgangur	Kg	73.651	68.174	85.767
Endurheimtur úrgangur	Kg	315.695	349.308	437.292
Úrgangi fargað	Kg	88.652	81.843	20.759
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	81,8%	84,2%	81,3%
Hlutfall endurheimts úrgangs	%	78,1%	81,0%	95,5%

Samræmdar flokkunarmerkingar

Aðföng hafa um árabíl markvisst nýtt samnorrænar flokkunarmerkingar fyrir umbúðir vörumerkja sinna. Einsþátta umbúðir bera eitt flokkunarmerki en samsettar umbúðir, sem efnisþætti má skilja í sundur, þau merki sem eiga við hverju sinni. Með skýrum merkingum og leiðbeiningum til almennings leggja Aðföng sitt á vogarskálarnar svo úrgangstegundir finni sinn rétta farveg, hvort sem er á heimilum, vinnustöðum, í almenningsrýmum, á grenndarstöðvum eða endurvinnslustöðvum. Dæmi um flokkunarmerki í notkun má sjá hér á síðunni.



Dæmi um samnorrænar flokkunarmerkingar

Skipulag flokkunar	
Frá eldhúsi og matsal	Frá skrifstofum
Matarleifar	Matarleifar
Plastumbúðir	Plastumbúðir
Pappír og pappi	Pappír og pappi
Gler	Trúnaðarskjöl
Málmumbúðir	Skilagjaldsskyldar umbúðir
Skilagjaldsskyldar umbúðir	Raflöður
Blandaður úrgangur	Blandaður úrgangur
Spilliefni (s.s. úðabrusar)	Smá raftæki
Frá vöruhúsum	Frá kjötvinnslu
Strekkifilma (glær)	Bein og fita
Bylgjupappi	Plastumbúðir
Pappír og pappi	Pappír og pappi
Plastumbúðir	Timbur
Timbur	Málmur
Málmur	Spilliefni, þ.m.t. raflöður
Grófur úrgangur	Skilagjaldsskyldar umbúðir
Spilliefni, þ.m.t. raflöður	Blandaður úrgangur
Smá raftæki	
Textíll (vinnuföt og skór)	
Skilagjaldsskyldar umbúðir	
Blandaður úrgangur	



Söfnunarstaður fyrir textil, smá raftæki, trúnaðarskjöl og plastumbúðir

Rafbílar

Aðföng keyptu fyrsta rafsendibílinn í maí 2022 til notkunar í vörudreifingu á höfuðborgasvæðinu og hefur hann reynst mjög vel fram að þessu. Rafhlaða bílsins endist allan daginn miðað við fulla notkun. Meirihluti minni bíla í rekstri hjá Aðföngum eru í dag ýmist knúnir rafmagni eða eru tvinnbílar. Þeim mun fjölga á næstu árum þegar aðrir bílar verða endurnýjaðir.



Bifreiðarnar eru hlaðnar við starfstöðvar fyrirtækisins og gefst öllum starfsmönnum kostur á að hlaða bifreiðar sínar einnig. Þannig vill fyrirtækið hvetja starfsfólk sitt til umhverfisvænni ferðamáta en einnig er kostur á að hlaða rafhjól og rafhlaupahjól í sérstöku hjólaskýli.

Stærri bílar

Við hjá Aðföngum fengum tækifæri til að prófa rafdrifinn dráttarbíll frá Scania í einn dag á árinu við vörudreifingu. Sú reynsla var mjög áhugaverð. Nánast engin hávaði er frá vél bílsins og er hann lipur og sprækur í alla staði við akstur. Það er hins vegar ekki nóg að kaupa bílana eina og sér, heldur þarf að kaupa mjög stóra hleðslustöð svo hægt sé að hlaða þá í aksturhléum og á næturnar. Þetta er því vissulega kostnaðarsamt, en verður örugglega hagkvæmara á næstu árum. Aðföng munu fylgast náið með þróuninni og einnig með kostum og göllum annarra vistvænni orkugjafa.



Orkusamsetning	Eining	2022	2023	2024
Heildarorkunotkun	kWst	6.991.737	7.527.110	8.241.566
Jarðefnaeldsneyti	%	13,0%	13,4%	11,9%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	87,0%	86,6%	88,1%

Rafdrifnir vagnar

Til að loka græna hringnum þegar kemur að orkuskiptum bílaflotans þá þarf að rafvæða flutningsvagnana því við viljum ekki keyra með dísilknúnar kælivélar með tilheyrandi hávaða og mengun. Á árinu fór fulltrúi Aðfanga á Elmia sýninguna í Jönköping í Svíþjóð og fann þar vagn sem er 100% keyrður á rafmagni þ.e.a.s. lyftan og kælivélin. Vagninn er tengdur við rafmagn sem hleður rafgeymi á meðan vagninn er lestaður og til að viðhalda hleðslunni þá er þak vagnsins þakið sólarcellum sem hlaða inn á rafgeyminn einnig.



AÐFÖNG



Mannauður

Markmið Aðfanga er að fyrirtækið sé skipað hæfu, duglegu, vel þjálfuðu og traustu starfsfólki sem tileinkar sér og stendur vörð um gildi Aðfanga.

Ráðningar og móttaka nýliða

Ráðningar starfsmanna byggja á hæfni og reynslu þess sem ráðinn er. Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða við ráðningar. Nýliðar skulu fá nægjanlega þjálfun til þess að takast á við starfið og lögð er áhersla á að starfsfólk geri sér fulla grein fyrir hlutverki sínu.

Öryggi og heilbrigði

Stjórnendum ber að tryggja að allur aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Starfsmönnum er að sama skapi gert að fara eftir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar hvað varðar öryggi og aðgát í starfi.

Starfsumhverfi

Lögð er áhersla á innri starfsþróun og að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að þróast í starfi. Hvers konar mismunun vegna kyns, kynhneigðar og uppruna er óheimil og einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Aðföngum.

Fjölskylduábyrgð

Leitast er við að hafa gott vinnuskipulag varðandi frítíma og jafnvægi milli fjölskyldu og einkalífs.

Starfsandi og virðing

Við berum öll ábyrgð á góðum samskiptum, jákvæðni, virðingu og hrósi og ræðum það sem betur má fara. Við sýnum samstarfsfélögum og fyrirtækinu trúnað og förum eftir gildum Aðfanga.

Við leggjum áherslu á eftirfarandi

- Að nýliðar fái þá þjálfun sem þarf til að takast á við starfið
- Að búa starfsfólki öruggan vinnustað og góðan aðbúnað
- Að starfsumhverfi sé hvetjandi og réttlátt
- Að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er
- Að stuðla að góðum starfsanda

Jafnlaunastefna Aðfanga er órjúfanlegur hluti af launastefnu Aðfanga og er ætlað að tryggja öllu starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Eftirfarandi jafnlaunamarkmið skulu höfð að leiðarljósi:

- 1. Aðföng er vinnustaður þar sem allir óháð kyni eiga jafna möguleika til starfa.
- 2. Að allir óháð kyni, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- 3. Aðföng er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
- 4. Aðföng gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- 5. Aðföng líða ekki kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, einelti eða annað ofbeldi.

Aðföng hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks til að framfylgja settum stefnumiðum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu og að þeim lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Fjármálastjóri og mannauðsstjóri eru ábyrg fyrir innleiðingu og viðhaldi kerfisins í samræmi við jafnlaunastaðalinn IST 85:2012.

Til að uppfylla skilyrði laganna og stefnunnar skuldbindur Aðföng sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.

Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvæðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja heildaryfirsýn yfir laun, stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust komi hann í ljós.


Stjórn setur fram jafnlaunamarkmið og rýnir jafnlaunakerfið árlega. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.

Aðföng hafa frá árinu 2019 fylgt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks til að framfylgja settum stefnumiðum og höfum við hlotið jafnlaunavottun og uppfyllt skilyrði jafnlaunastaðalsins IST 85:2012, frá þeim tíma. Óútskýrður launamunur Aðfanga hefur ávallt verið undir viðmiðum og var árið 2024, 0,3% körlum í vil.

Launamunur kynjanna	2023	2024
Frávik	0,4%	0,3%
Körlum/konum í hag	Karlar	Karlar

Jafnlaunavottun

Í lok febrúar 2019 hlaut Aðföng jafnlaunavottun og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Það var BSI á Íslandi, sem sá um úttekt á jafnlaunakerfi Aðfanga og vottaði að jafnlaunakerfið uppfyllti öll skilyrði jafnlaunastaðalsins IST 85:2012. Jafnlaunakerfið nær til allra starfsmanna Aðfanga og byggir á skilgreindu verklagi til að tryggja að ákvæðanir um laun séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.



Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu Aðfanga. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Aðfanga.

Aðföng greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Almennar launahækkanir fara eftir kjarasamningum VR, Eflingar og Matvís við Samtök atvinnulífsins.

Fjármálastjóri í samráði við framkvæmdastjóra ber formlega ábyrgð á öllum launatengdum ákvörðunum og gætir þess að samræmis sé gætt við alla ákvörðunartöku og tryggir að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Launaákvörðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum í samræmi við fyrirliggjandi starfslýsingar þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs.

Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.




Aðföng hefur ávallt búið að góðu og öflugu starfsfólki, sem hefur verið lykillinn að góðum rekstri mörg undanfarin ár. Sama hvar litið er í fyrirtækinu, vöruhús, vinnslur, dreifing, skrifstofur, alls staðar er öflugur hópur starfsfólks, sem vinnur vel saman að því að klára daginn, eins og við gjarnan segjum. Við erum svo heppin að hafa fjölbreyttan hóp starfsfólks sem býr yfir góðri reynslu, mikilli þekkingu og svo mismunandi sjónarmiðum.

Mælingar á starfsánægju

Aðföng gerir reglubundnar mælingar á starfsánægju með það að markmiði að auka starfsánægju á vinnustaðnum. Kannanirnar gefa stjórnendum heildstæða mynd af líðan starfsfólks og samanburð við aðra vinnustaði. Aðföng nýtir sér þessar samanburðarmælingar til þess að gera betur fyrir sitt starfsfólk.

Starfsánægja hjá Aðföngum hefur mælst há en helstu styrkleikar sem lesa má úr niðurstöðum kannana eru heilsa og vellíðan, samband við næsta yfirmann og hollusta við vinnustaðinn. Á árinu 2024 var sérstök áhersla lögð á vellíðan á vinnustað sem við teljum að hafi skilað góðum árangri. Helsta áskorun okkar núna er að auka enn frekar hrós og viðurkenningu fyrir vel unnin störf og á árinu 2025 er stefnan að leggja aukna áherslu á endurgjöf og hvatningu til starfsfólks.

Starfsánægja



Þróun yfir tíma



Mannauður og menning

Aðföng hefur á að skipa fjölbreyttum og fjölbjóðlegum starfsmannahópi, en hjá okkur kemur starfsfólk frá 12 mismunandi löndum og 4 heimsálfum. Gildi fyrirtækisins spila stóran sess í áherslum og stefnum mannauðsmála þar sem rík áhersla er lögð á jákvæða vinnustaðamenningu sem einkennist af trausti, virðingu og samvinnu.

Fræðsla og þjálfun

Lögð hefur verið áhersla á aukna upplýsingagjöf til starfsfólks með innleiðingu á nýju samskipta- og fræðsluforrit. Nú þegar hefur meirihluti starfsfólks tekið forritið í notkun. Með tilkomu forritsins gátum við boðið starfsfólki okkar upp á rafræna fræðslu og fórum við í samstarf með Akademias. Einnig gátum við boðið starfsfólki okkar upp á starfstengt íslenskunám í gegnum Bara tala smáforritið sem eykur orðaforða, hlustunarfærni og þjálfar aðflutta í að tala íslensku. Í dag erum við með aðgang að yfir 200 stafrænum námskeiðum og höfum við lagt sérstaka áherslu á heildræna heilsu undanfarið sem lið í því að hvetja til starfsfólk okkar til vitundarvakningar þegar kemur að heilsu. Allt starfsfólk Aðfanga fer í gegnum fræðslu og þjálfun í öryggismálum til að tryggja öryggi starfsfólks.

Starfsþróun

Við leggjum ríka áherslu á starfsþróun og eru fjölmörg dæmi þess hjá fyrirtækinu. Stefna fyrirtækisins tengd starfsþróun er að halda í dýrmæta reynslu og þekkingu og efla enn frekar.

Heilsa og vellíðan

Aðföng leggur mikið upp úr að heilsa, öryggi og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og hefur vinnustaðurinn á að skipa einkar háum starfsaldri, sem við erum stolt af. Púlsmælingar á starfsánægju eru framkvæmdar á tveggja mánaða fresti og er fyrirtækið einnig í samstarfi við Heilsuvernd. Heilsuvernd sinnir skráningum á veikindum starfsmanna ásamt stuðningi og ráðgjöf til starfsmanna þegar við á. Heilsuvernd sér einnig um árlegar bólusetningar og veitir reglulega heilsueflandi fræðslu. Þá styrkir fyrirtækið starfsfólk til líkamsræktar árlega. Þá býðst starfsfólki árlega tækifæri til að sækja um heilsueflingarstyrk til að greiða niður kostnað vegna íþróttaiðkunar eða líkamsræktar.



Aðföng hefur á síðustu mánuðum unnið að umfangsmiklu verkefni sem felst í útskiptingu eldra vöruhúsakerfis og innleiðingu á nýju, fullkomnara kerfi sem uppfyllir nútímalegar kröfur um skilvirkni, rekjanleika og sveigjanleika í vöruhúsarekstri. Kerfið býður jafnframt upp á víðtæka möguleika til sjálfvirknivæðingar. Verkefninu er áfangaskipt og hafa nú þegar tveir af þremur áföngum verið innleiddir.

Bæði gamla og nýja kerfið eru frá Manhattan Associates (MH), en það kerfi sem nú er verið að innleiða nefnist MH SCALE og er í notkun hjá stærri vöruhúsum á Íslandi.

Með nýja kerfinu skapast grundvöllur fyrir innleiðingu helstu nýjunga í vöruhúsarekstri, meðal annars aukinni skilvirkni í vörumeðhöndlun og ferlum, rauntímagagnasöfnun og möguleikum á notkun gervigreindar.

Meðal þeirra breytinga sem þegar hefa verið innleiddar er upptaka raddstýrðrar tínslu í stað armtölva með lyklaborði og skanna. Þetta hefur í för með sér marga kosti, svo sem minni villuhættu, aukna einbeitingu starfsfólks ásamt því að það hefur sýnt sig að tiltektarhraði hefur aukist.

Að lokinni innleiðingu nýs vöruhúsakerfis næst fram umtalsverður tímasparnaður, betri nýting á tækjum og aukinn áreiðanleiki í vöruafhengingu.



Rafræn skönnun

Afgreiðsla vara og vöruafhending úr húsi mun breytast með tilkomu rafrænna skanna. Rafræn skönnun verður framkvæmd á öllum vörubrettum úr húsi og inn í bíl og við það verður til nánast 100% rakning sem að skilar sér í tímasparnaði og auknum áreiðanleika í afhendingu. Með þessu er tryggt að ekki sé hægt að setja vörubretti í rangan bíl og ekki sé hægt að afhenda vörur á rangan stað ásamt því að útprentun fylgibréfa dettur út og fylgibréf verða í staðin send rafrænt.

Innleiðing á þessu aksturskerfi opnar fyrir það að hægt verði að skipuleggja allan akstur betur með tilheyrandi tímasparnaði ásamt því að lækka kolefnissporið.

Vöruhús

Aðföng hefur farið í víðtækar breytingar á vöruhúsinu í Skútuvogi 7 sem að lúta að því að fjölgað hefur verið tiltektarhólfum og markvisst unnið að því að fækka þeim tiltektahólfum sem að eru þannig að beygja þurfi sig eftir vörum og einnig að sækja vörur upp fyrir sig. Öll ný tæki sem að notuð eru í tiltekt á vörum eru útbúin búnaði þannig að starfsmaður getur lyft sér upp. Þá notast öll ný tæki við lithíum rafgeyma.


Aðföng hefur hafið endurnýjun hillulyftara eða svokallaðra „reachers“ og er vinnurými starfsmanns í nýju hillulyfturunum mjög gott og fer vel um starfsmanninn. Það er notast við þráðlausa skanna sem að auðveldar starfsmanni vinnu að mörgu leyti. Þessir nýju hillulyftarar notast við lithíum rafgeyma.

Kostir við lithíum rafgeyma eru

- Auðvelt að hlaða við lágan straum
- Eru léttar og geyma mikla orku
- Þola margar hleðslur og afhleðslur
- Halda orku mjög vel

Óskostir við lithíum rafgeyma eru


- Eru dýrari
- Geta gefið frá sér brennanlegar lofttegundir
- Getur verið erfitt að slökkva eld í þeim
- Eru viðkvæmar fyrir höggum




Búið er að stækka vörumóttöku og gámasvæði en með því náðist að bæta við einni gámahurð þannig að þær fóru úr fimm í sex. Skrifstofuaðstaða starfsfólks í vöruhúsi sem var á milli móttöku og gámasvæðis hefur verið rifin og færð og þar með náðist að stækka svæðið í heild sinni og auka pláss fyrir móttöku á vörum.



Merkingarrými var fært til í breytingum og er komið á alveg nýtt svæði og öll vinnutæki endurnýjuð sem að bætir vinnuaðstöðu starfsmann til muna. Ekki þarf að beygja sig eftir vörum og því alltaf hægt að vinna með bretti og vörur í kjörhæð hvers og eins og hefur hraði merkingarinnar aukist umtalsvert við þetta.



Í þessum breytingum sem að staðið hefur verið að hér í vöruhúsi að þá hefur afgreiðsluhlutinn stækkað umtalsvert og gerðar miklar breytingar á plöðunarvél og hún í raun tvöfölduð því sú gamla átti orðið erfitt með að anna hraða vöruhússins. Þetta hefur gjörbreytt því að mikill tímasparnaður hefur orðið til vegna þessa og að starfsfólk þarf ekki að bíða í röð til að skila af sér vörubrettum úr tínslu til plöðunar og afgreiðslu.



Öryggi fyrst og fremst

Aðföng leggur mikið upp úr því að tryggja öryggi starfsmanna í vinnu og er með öryggis- og vinnuverndarfulltrúa, sem og mannauðsstjóra sem vinna að bættum aðbúnaði, öryggi og starfsmannamálum. Það verður aldrei kvikað frá öryggissjónarmiðum og þau verða alltaf látin ráða í rekstri Aðfanga, því það skiptir okkur miklu máli að starfsfólk skili sér heilt heim úr vinnu.

Aðal markmið öryggis- og vinnuverndarstarfs er að útrýma allri þeirri áhættu í störfum sem hægt er að komast hjá, og lágmarka þá sem stendur eftir. Töluverður hluti áhættustýringar er innbyggður t.d. í staðla fyrir hönnun og virkni vélbúnaðar og ýmiss konar kerfa (sbr. kröfur fyrir samræmisyfirlýsingar á evrópska efnahagssvæðinu), og inn í lög og reglugerðir, t.d. um hvíld og vinnutíma ýmissa starfstétta.

Tækni til að auka öryggi


Fyrir alla aðra útistandandi áhættu í starfi beitum við margvíslegum stýringum sem hafa stigsmun í skilvirkni, sbr. mynd hér til hliðar. Skilvirkasta lausnin er alltaf sú sem fjarlægir/útrýmir hættum (fyrsta/efsta lag píramídans). Þegar hvorki útrýming áhættu né staðkvæmni (skipta út hættumeiri fyrir hættuminni) duga til, þá skoðum við

tæknilegar ráðstafanir fyrst. Er einhvern veginn hægt að bæta við tæknilegri stýringu til að lágmarka líkur á að hætta raungerist? Oft geta verið fleiri en ein útfærsla á lausn sem kemur sem hattur ofan á virkni vélar eða kerfis. Þegar öryggisábatinn er merkjanlegur en enn stendur eftir áhætta aukreitis, þá skoðum við breytingar á stjórnarháttum, t.d. afmarka viðveru við tiltekna tíma til að draga úr því hversu útsettur einstaklingur getur verið gegn hættu. Við bætum einnig við fræðslu til að bæta öryggisvitund, útskýra forvarnir og kenna rétt viðbrögð þegar neyð ber að. Að lokum, þegar allt annað hefur verið reynt til hlítar, er persónuhlífum eins og hlífðarfatnaði, sýnileikafatnaði, öryggisskóm og heyrnarhlífum deilt út á einstaklinginn.

Nýtt samskiptakerfi

Skylda okkar og metnaður er að stuðla alltaf að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað. Á árinu 2024 innleiddum við nýtt smáforrit fyrir starfsfólk, samskiptakerfi frá Relesys. Sú breyting að starfsfólk hafi forrit í símanum hefur gert upplýsingamiðlun enn greiðari og gefið færi á að miðla ýmsu efni til að bæta og viðhalda öryggisvitund. Við vinnum markvisst að því að bæta öryggismenningu í gegnum fræðslu og stjórnendur, sem miðla gildunum okkar í orði og verki.

Ólík stig öryggisráðstafana



Byrjað er efst í píramídanum og leitað lengra niður eftir því sem þarf. Ef engar tæknilegar lausnir duga til að lágmarka áhættu, þá eru ráðstafanir sem snúa að stjórnarháttum skoðaðar, t.d. að breyta verklagi/aðstöðu og minnka hversu útsett við erum gagnvart áhættu í tíma og rúmi.

Ef öll ráð eru reynd en samt stendur eftir áhætta, þá eru persónuhlífar sú lausn sem við nýtum til að vernda gegn útistandandi áhættu (t.d. heyrnarhlífar gegn hávaða og öryggisskór gegn ákeyrslu-/klemmuhættu).

Á árinu höldum við endurmenntunarnámskeið fyrir lykilhópa í viðbrögðum við vá, þ.m.t. rétt notkun slökkvibúnaðar, skyndihjálp og meðferð efnavara. Haldið var áfram með endurmenntun verkstjórnenda í öryggi og vinnuvernd, þ.m.t. með yfirferð atvika og innleiðingu úrbóta, ásamt annari ný- og símenntun. Farið var í frekari þarfagreiningu fyrir fræðslu sem skilaði sér í breytingum á fræðsluáætlun.

Framkvæmdir stóðu yfir á árinu til að stækka húsnæði félagsins í Skútuvogi sem heppnuðust farsællega í góðri samvinnu við verktaka, hönnunaraðila og húseiganda. Í gegnum mánaðarlegt öryggis- og eldvarnareftirlit var haldið áfram að greina ýmis tækifæri til að bæta úr og gera enn betur, sem skilaði sér í bættum aðbúnaði. Haldið var áfram með umbótaverkefni til að bæta aðbúnað, auka yfirsýn og bæta aðstöðu. Farið var í átak að bæta atvikatilkynningar sem skilaði sér vel inn í öryggis- og vinnuverndarstarfið sem öryggisnefnd félagsins leiðir.

Rannsókn atvika, greining á mögulegum úrbótum og innleiðing þeirra skilaði sér í ýmsum öryggisábatum, þ.m.t. bættum vörnum, leiðbeiningum, merkingum og breytingum á vinnuaðstöðu í sértækum tilfellum. Úrbætur öryggisfrávika verða alltaf á endanum stjórnunarvandi og -verkefni. Þetta er hugarfarið sem við verðum að viðhafa alltaf og sýna þannig ábyrgð okkar (grunnild) í verki og orðum. Umbótaverkefni eru ekki afmörkuð í tíma, heldur er umbætur verkefni sem er alltaf stöðugt í gangi, fólkinu til heilla, þannig að öryggi, heilsa og vellíðan í starfi séu tryggð. Jákvæð öryggismenning í samspili við sanngirnismenningu bætir þannig hlut öryggis- og vinnuverndar í sjálfbærninni. Undirstaðan er traust.



Mynd frá námskeiði í meðferð spilliefna sem haldið var af Bráðalausnum fyrir Aðföng.

Félagslegir þættir	Eining	2023	2024
S1-6: Samsetning starfsfólks			
Heildarfjöldi starfsfólks			
Karlar	Fjöldi	148	138
Konur	Fjöldi	33	33
Samtals	Fjöldi	181	171
Fjöldi starfsfólks með ótímabundna ráðningu			
Karlar	Fjöldi	148	138
Konur	Fjöldi	33	33
Samtals	Fjöldi	181	171
Fjöldi starfsfólks með tímabundna ráðningu			
Karlar	Fjöldi	0	0
Konur	Fjöldi	0	0
Fjöldi starfsfólks með ótryggan vinnutíma			
Karlar	Fjöldi	0	0
Konur	Fjöldi	0	0
Starfsmannavelta			
Fjöldi starfsmanna sem hætti á árinu	Fjöldi	26	31
Starfsmannavelta	%	14.3%	18.1%
S1-8: Kjarasamningar og trúnaðarmenn			
Hlutfall starfsfólks sem heyrir undir kjarasamninga	%	99%	100%
Hlutfall starfsfólks sem hefur trúnaðarmann	%	88.5%	93.6%

Félagslegir þættir	Eining	2023	2024
S1-9: Fjölbreytnimælikvarðar			
Kynjafjölbreytni í æðstu stjórnunarstöðum			
Karlar	Fjöldi	7	7
Konur	Fjöldi	2	3
Karlar	%	77.8%	70.%
Konur	%	22.2%	30.%
Aldursdreifing			
<30 ára	%	25%	19.9%
30-50 ára	%	52%	56.1%
>50 ára	%	23%	24%
S1-14: Heilsa og öryggi			
Fjöldi dauðsfalla sem afleiðing vinnuslysa eða vinnutengdra veikinda	Fjöldi	0	0
Fjöldi dauðsfalla verktaka eða starfsmanna annarra fyrirtækja á starfsstöðvum félagsins	Fjöldi	0	0
Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa	Fjöldi	12	16
Tíðni skráningarskyldra vinnuslysa	x/1.000.000	34.5	45.6
S1-15: Jafnvægi milli vinnu og einkalífs			
Fjöldi starfsmanna sem hefur lögbundinn rétt til fæðingarorlofs	%	100%	100%
Fjöldi starfsmanna sem tók lögbundið fæðingarorlof	%	N/A	6.4%
S1-16: Launamunur kynjanna			
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	0.4%	0.3%

A Ð F Ö N G



Samfélag og neytendur

Hjá Ferskum kjötvörum höfum við hafið vinnu við að þróa gæðakerfið okkar með því að taka mið af British Retail Consortium (BRC) gæðastaðlinum. Markmiðið er að byggja upp skýran ramma sem styður við gæði, öryggi og rekjanleika í allri starfsemi okkar. Með því að horfa til BRC fáum við leiðbeiningar og verkfæri sem hjálpa okkur að bæta verklag, auka skilvirkni og draga úr sóun. Þannig viljum við tryggja að vörurnar okkar uppfylli strangar gæðakröfur og séu framleiddar með ábyrgð að leiðarljósi.

Samvinna með birgjum

Sjálfbærni er rauði þráðurinn í öllu ferlinu þar sem að við leggjum ríka áherslu á að draga úr matarsóun, bæta flokkun hráefna og tryggja ábyrga aðfangakeðju. Við vinnum náið með birgjum okkar og tryggjum að þeir uppfylli viðurkennda staðla í gæðum, rekjanleika og sjálfbærni. Með skýrari kröfum um vottun og rekjanleika aðfanga getum við tekið upplýstar ákvarðanir um hvaðan hráefnin koma og hvernig þau eru unnin, sem eykur gagnsæi í aðfangakeðjunni og styrkir traust viðskiptavina okkar.

Stöðugar umbætur

Að fylgja BRC staðlinum snýst ekki bara um að uppfylla kröfur, það snýst um stöðugar umbætur, nýsköpun og þróun. Við viljum gera meira en að uppfylla lágmarkskröfur, við viljum vera leiðandi í gæðum og ábyrgri framleiðslu. Með BRC sem leiðarljós tryggjum við að Ferskar kjötvörur uppfylli hæstu gæðastaðla, bæði fyrir neytendur í dag og fyrir komandi kynslóðir.

Flokkun úrgangs

Við höfum lagt aukna áherslu á að bæta flokkun úrgangs í okkar starfsemi til að draga úr sóun og hámarka nýtingu hráefna. Við fylgjum staðfestum verklagsreglum um flokkun úrgangs frá framleiðsluferlum okkar og tryggjum að lífrænn úrgangur, plast, pappi og önnur efni séu meðhöndluð á ábyrgan hátt.

Lágmörkun matarsóunar

Við leggjum mikla áherslu á að lágmarka matarsóun í okkar framleiðsluferlum og tryggja að hvert hráefni sé nýtt til fulls. Með markvissri birgðastýringu og skipulagðri vinnslu tryggjum við að hráefni sem fellur til sé nýtt á sem bestan hátt. Í stað þess að láta kjöt skemmast, frystum við það þegar þörf krefur. Þessi nálgun eykur nýtingu hráefna, dregur úr sóun og styður við sjálfbærari starfsemi okkar.

Við vinnum einnig náið með verslunum til að draga úr matarsóun og hámarka nýtingu vara. Með Databar-merkingum á vörum gefst verslunum færi á að veita afslátt áður en síðasti sölundagur og/eða best fyrir dagsetning rennur upp, sem hefur mælst vel fyrir hjá neytendum og stuðlar að ábyrgari neyslu. Að auki leggjum við mikla áherslu á val á umbúðum sem lengja geymslupól, sem bæði dregur úr sóun og tryggir ferskleika vara lengur. Þannig höfum við náð góðum árangri í að lengja líftíma vara án þess að skerða gæði þeirra.



**FERSKAR
KJÖTVÖRUR**

Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á það besta frá íslenskum bændum en þar að auki flytjum við inn sérvörur sem ekki eru framleiddar á Íslandi eins og þurrkverkaðar pylsur og hráskinkur. Ferskar kjötvörur er einn af stærstu kjötverkendum landsins en fyrirtækið sér verslunum Haga og stórnotendum fyrir kjötvörum. Meðal vörumerkja sem eru í eigu Ferskra kjötvara eru Íslandsnaut, Íslandslamb, Íslandssósus og Íslandssúpur ásamt vörumerkinu Heima. Einnig eru framleiddar vörur undir vörumerkinu Euro Shopper og undir vörumerkjum verslana Hagkaups og Bónus.



Undanfarin ár höfum við orðið vitni að loftslagsbreytingum, hvort sem það eru þurrkatímabil, miklar rigningar, flóð eða hærra hitastig. Við gerum okkur grein fyrir því að vínrækt er órjúfanlegur hluti af vistkerfi jarðar og að loftslagsbreytingar geta haft afgerandi áhrif á vínrækt í framtíðinni. Sjálfbærni er því eitt af megin markmiðum í starfsemi okkar og endurspeglast í vali okkar á birgjum. Vínföng leggur áherslu á að flytja inn vín frá framleiðendum sem axla samfélagslega ábyrgð og vinna að sjálfbærri vínframleiðslu.

Minna kolefnisspor

Því léttari sem umbúðirnar eru, þeim mun minna kolefnisspor skilur varan eftir sig. Þær umbúðir sem eru umhverfisvænastar fyrir flutning og sölu á víni eru pappabox en þau eru með um 90% minna kolefnisspor en venjulegar glerflöskur. Þá er léttgler mun umhverfisvænna en hefðbundið gler en léttgler skilur eftir sig 22% minna kolefnisspor miðað við hefðbundnar glerumbúðir, samkvæmt vef Vínbúðarinnar. Léttglerið og pappaboxin krefjast minni orku í framleiðslu, flutningi og endurvinnslu. Við erum meðvituð um hversu mikið er hægt minnka umhverfisáhrif með vali á umhverfisvænni umbúðum og stefnum á að auka bæði hlutfall pappaboxa og léttglers í okkar vöruframboði.

Til að minnka kolefnissporið enn frekar, skiptir val á flutningsleiðum miklu máli en öll okkar vín eru innflutt frá Evrópu með það fyrir augum að halda kolefnissporinu í lágmarki. Þá kemur langstærsti hluti af þeim vínunum sem við flytjum inn til Íslands beint frá vínframleiðanda.

Ábyrg vínframleiðsla

Langstærsti hluti okkar vara fer í gegnum verslanir Áfengis og tóbaksverslunar ríkisins, sem leiðir kröfur um umhverfisvernd og lýðheilsu. Vínföng sjá til þess að þessum kröfum sé mætt af okkar birgjum og við erum einnig meðvituð um þau umhverfisáhrif sem starfsemi Vínfanga hefur í för með sér og við viljum vinna markvisst að því að draga úr þeim í framtíðinni.

Við viljum vera traustur og ábyrgur hlekkur í alþjóðlegri keðju sjálfbærrar vínframleiðslu með því að byggja upp gott samstarf við vínframleiðendur sem deila sömu framtíðarsýn um varðveislu náttúrunnar og lágmörkun umhverfisáhrifa af vínframleiðslu. Okkar markmið er að bjóða upp á gæðavin á hagstæðu verði.

VÍN FÖNG

Vínföng eru hluti af Aðföngum. Aðföng eru innflutningsaðili fyrir áfengi og bjóða upp á fjölbreytt úrval léttvína frá helstu vínræktunarsvæðum heims, sterkt áfengi, sem og bjóra frá þekktum framleiðendum á hagstæðu verði.



Aukið aðgengi að matvöru úr lífrænni ræktun

Frá árinu 2008 höfum við boðið neytendum upp á lífrænt ræktaðar vörur undir vörumerkinu Himneskt. Markmiðið með stofnun vörumerkisins var fyrst og fremst að auka aðgengi almennings að matvöru úr lífrænni ræktun, en á þeim tíma voru slíkar vörur almennt dýr munaðarvara. Frá upphafi lögðum við sérstaka áherslu á sanngjarnt og viðráðanlegt verð. Þessar áherslur eiga við enn þann dag í dag og höfum við stolt fylgst með því hvernig úrval lífrænt ræktaðra afurða hefur jafnt og þétt aukist í matvöruverslunum landsins.

Í grunninn snýst lífrænn landbúnaður um að rækta matvæli á hátt sem fer vel með umhverfið og hefur heilbrigði manna og vistkerfa að leiðarljósi. Í lífrænni framleiðslu er ekki notast við tilbúinn áburð og skordýraeitur, heldur eru notaðar aðferðir eins og skiptiræktun, búfjáráburður, safnhaugamold og náttúrulegar varnir gegn skaðvöldum. Sérstök áhersla er lögð á að vernda og auka líffræðilegan fjölbreytileika jarðvegs. Strangar reglur gilda um aðferðir og aðbúnað í lífrænni ræktun og til þess að leyfilegt sé að merkja vöru sem lífræna þarf starfsemin að vera undir reglubundnu eftirliti. Allar vörur í Himneskt vörulínunni eru merktar með Evrópulaufinu og vottunarkerki Túns, vottunin er staðfesting á því að framleiðslan fari fram samkvæmt gildandi löggjöf um lífræna framleiðslu.

Nýlega birti Embætti Landlæknis nýjar og endurskoðaðar ráðleggingar um mataræði, sem byggja á breiðum vísindalegum grunni. Nú er lögð sérstök áhersla á neyslu á trefjaríkri fæðu úr

jurtaríkinu, bæði fyrir heilsuna, en einnig fyrir umhverfisvernd. Mælt er með að borða ríkulega af grænmeti, ávöxtum, baunum, linsum og heilkornavörum, einnig er mælt með mjúkusmjúkjum, hnetum og fræjum, aukinni fiskneyslu og hóflegri neyslu á öðrum dýraafurðum.

Í vöruúrvali Himneskt má finna gott úrval af þeirri matvöru sem mælt er með. Við erum mjög stolt af ítalska heilkornapastanu sem er ræktað við bestu skilyrði á ökrunum í Marche. Við fáum einnig hágæða sykurlausar tómavörur beint frá Ítalíu og kaldpressaða jómfrúar ólífuolían er séralin úr sveitum Ítalíu. Í vöruúrvalinu er dönsk hörfræolía beint frá Søren bónda, álegg úr hnetum og fræjum, heilkornavörur eins og kínóa, tröllahafar og gróft malað spelthveiti, ýmsar baunir og linsur, hnetur og fræ.

Við viljum hvetja til fjölbreytni í mataræði á borðum landsmanna og þess vegna leggjum við metnað í veglegan uppskriftavef undir merkinu Himneskt, þar sem aðal áherslan er á uppskriftir sem taka mið af opinberum ráðleggingum. Með þessu viljum við auðvelda almenningi að prófa sig áfram með grænmetisrétti, baunir, linsur, heilkornavörur og annað hráefni úr jurtaríkinu sem Embætti landlæknis telur að megi sannarlega auka í mataræði landsmanna. Uppskriftirnar eru aðgengilegar öllum og auðveldar í framkvæmd. Einföld leið til að auka fjölbreytni í matargerð er til dæmis að bæta inn einni eða fleiri máltíðum í viku þar sem bauna- eða grænmetisréttir eru á boðstólnum. Með því gerum við okkur sjálfum og umhverfinu gott.



Gervigreind hagnýtt gegn sóun í virðiskeðju

Verkefni tengd sóun í virðiskeðju Aðfanga eru afar mikilvæg og tengjast þau beint og óbeint nær öllum rekstrarferlum. Við finnum að með því að hafa „lágmarkun sóunar“ alltaf á dagskrá náum við árangri til að lágmarka hana og til hagsbóta fyrir reksturinn.

Spálíkön og gervigreind hjálpa okkur á hverjum degi við að tryggja hagkvæm innkaup. Virkt samtal við hagaðila í virðiskeðjunni er þó eftir sem áður mikilvæg, ásamt öðrum tæknilausnum og virku innra eftirliti í vöruhúsum, kjötvinnslu og á flutningsleiðum. Með þessari nálgun tekst okkur að lágmarka sóun.

Stefni í sóun á vörum leggjum við okkur fram um að gefa þeim framhaldslíf í samstarfi við Samhjálp, Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Kattholt. Þessi samtök vinna óeigingjarnt starf á hverjum einasta degi fyrir þau sem minna mega sín í samfélaginu. Aðföng styrkja þessi samtök með stolti.

Stuðningur við íslenska nautgriparækt

Í rúman áratug hefur kjötvinnsla Aðfanga, Ferskar kjötvörur, unnið að einstaklega ánægjulegu verkefni með nautgripabændum víðsvegar á landinu, þar sem bændur fá greidda álagsgreiðslu til viðbótar því verði sem þeir fá greitt frá sláturleyfishöfum. Verkefnið snýr fyrst og fremst að hvata til handa bændum, til ræktunar á stærri og vöðvafylltri nautgripa og ekki síður því að tryggja okkar viðskiptavinum um land allt enn betra íslenskt nautakjöt. Kjötvinnsla Aðfanga vinnur kjötið og er það selt undir vörumerkinu Íslandsnaut, vörumerki sem landsmenn þekkja og treysta.

Á árinu 2024 tóku 38 bændur þátt í verkefninu, en þeir voru 49 árið á undan. Uppfylla þarf ákveðin fallþungamörk svo álagsgreiðsla virkist. Eftirfarandi þír álagsflokkar eru í gildi:

- 5% fyrir 200-249 kg gripi
- 10% fyrir 250-299 kg gripi
- 15% fyrir gripi sem eru 300 kg og þyngri

Á árinu 2024 greiddu Aðföng 63,3 milljónir beint til bænda sem álagsgreiðslur. Þessi upphæð hefur hækkað ár frá ári; var 22,7 milljónir 2022 og 44,1 milljónir 2023. Það er von stjórnenda Aðfanga að verkefnið megi um ókomna tíð vera hvatning fyrir nautgripabændur til ræktunarstarfs.



Stuðningur við nýsköpun

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að virkja og styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu en sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Einkum er horft til þess að hugað sé að umhverfisáhrifum við framleiðslu og dreifingu, sem og betri nýtingu á hráefnum eða minnkun á matarsóun.

Þetta er í fjórða sinn sem veittir eru styrkir úr Uppsprettni, en alls hafa 41 verkefni hlotið styrk úr sjóðnum frá stofnun hans árið 2021. Alls bárust tugir umsókna um styrk í sjóðinn og matsnefnd valdi níu verkefni til styrkveitingar.

Starfsfólk Aðfanga deilir reynslu til frumkvöðla

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur býr Aðföng yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi, framleiðslu og umbúðahönnun ásamt fleiru. Starfsfólk Aðfanga getur því aðstoðað styrkhafa í raun með allt ferlið þar til að varan er tilbúin til sölu í verslunum Haga.

Slagorð Uppsprettnar er *“Virkjum kraftinn og gerum það saman.”* Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Aðfanga leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðla að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaiðnaði landsmönnum öllum til hagsbóta.



Frá afhendingarathöfn styrkjanna

Styrkhafar Uppsprettnar

- **TROPIC**
Framleiðsla og markaðssetning á gómsætum eftirrétum úr plöntufæði. Kristín Amy, sem fer fyrir verkefninu, er nú þegar með ýmsar heilsuvörur til sölu í verslunum Hagkaups undir vörumerkinu Tropic.
- **SEA GROWTH**
Undirbúningur á framleiðslu hágæða sjávarfangs beint úr fiskfrumum með sjálfbærum aðferðum. Aðferðin byggir á því að einangra stofnfrumur úr hrogni og rækta þær upp í vöðva- og fitufrumur. Að verkefninu standa Birgitta Ásgrímsdóttir og Alexander Schepsky.
- **PUFF**
Framleiðsla og markaðssetning á loftpoppuðu poppkorni með fjölbreyttum og frumlegum bragðtegundum. Stofnendur PUFF eru þeir Arnar Valgeirsson, Árni Hreiðarsson og Eiður Kristjánsson.
- **ÍSAPONICA**
Lóðrétt grænmetisræktun (e. vertical farm) á Hofsósi þar sem ræktaðar verða sprettur, radísur, baunaspíkur og sveppir. Frumkvöðullinn á bak við verkefnið er Amber Monroe.
- **FEED THE VIKING**
Framleiðsla og markaðssetning á girnilegum íslenskum grýtum úr frostþurrkuðu hráefni. Feed the Viking, sem stofnað var af Friðriki Guðjónssyni, er þegar í dag að bjóða upp á fjölbreytt úrval af frostþurrkuðum vörum í verslunum Hagkaups.
- **BRÚNASTAÐIR**
Fjölskyldan á Brúnastöðum í Skagafirði fær styrk til framleiðslu og þroskunar á hágæða geitaosti. Hluti af þroskunarferlinu felst í að láta ostinn liggja í bjórbaði.
- **HD GRILL**
Framleiðsla og markaðssetning á tólgi og soði úr vannýttum dýraafurðum. Félagarnir Halldór Sverrisson og Davíð Clausen standa að verkefninu.
- **RE ARGENTINA**
Framleiðsla og markaðssetning á ljúffengum eftirrétum að argentínskum sið. Stofnandi verkefnisins er Carla Ines Valvo.
- **VILT AÐ VESTAN**
Frekari vöruþróun á úrvals sósu- og súpublöndum úr íslenskum villisveppum. Verkefnið er í höndum Sæbjargar Freyju Gísladóttur og Eyvindar Atla Gíslasonar frá Flateyri. Þau hafa áður hlotið styrk úr Uppsprettni og fóru inn með vörur sínar í Hagkaup skömmu fyrir síðustu jóli.



A ð F Ö N G

Stjórnarhættir

Vernd uppljóstrara

Til staðar hjá félaginu eru reglur um vernd uppljóstrara í samræmi við við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Reglunum er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma upplýsingum og/eða gögnum á framfæri um brot á lögum eða ámælisverða háttsemi og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Aðföng, samfélagið og aðra hagaðila.

Spillingar- og mútumál

Aðföng leggja áherslu á að stjórn og starfsfólk skuli ávallt fara að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og að fylgt sé þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Kveðið er á um að óheimilt er að misnota aðstöðu sína í starfi, þannig að fyrirtækið beri skaða af og er starfsfólk hvatt til að tilkynna næsta yfirmanni ef það verður vitni að spillingu eða óreiðu innan félagsins. Siðareglur þessar leggja einnig áherslu á að forða starfsmönnum frá að taka ákvarðanir sem skapað geta hagsmunaárekstra en meginreglan er sú að hagsmunir starfsmanna og fyrirtækisins skuli fari saman. Þá er óheimilt að taka við gjöfum, boðsferðum eða annars konar fríðindum frá viðskiptamönnum fyrirtækisins nema með samþykki yfirmanns.

Siðareglur birgja

Aðföng leggur ríka áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi sinni og vilja láta gott af sér leiða í sátt við umhverfi og samfélag. Siðareglum þessum er ætlað að stuðla að því að Aðföng og birgjar fyrirtækisins verði í sameiningu hreyfiafl til góðra verka.

Siðareglur Aðfanga ná til allra birgja og er birgjum gert að tryggja framfylgd þeirra gagnvart aðfangakeðju sinni.

1. Umhverfi

Birgi leggi sig fram við að þekkja bein og óbein áhrif starfseminnar á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er m.a. átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, óhóflegan ágang á auðlindir jarðar og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

2. Fólk

Birgi fylgi lögum, reglum og alþjóðlegum samningum um vernd mannréttinda. Hvers lags nauðungarvinna, barnaþrælkun eða nútímaþrælahald verður ekki liðin hvorki hjá birgja sjálfum né í aðfangakeðju hans.

Birgi tryggi starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og fari eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað og öryggi á vinnustað.

Birgi tryggi jöfn tækifæri starfsfólks og mismuni ekki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða annarrar stöðu.

Birgi greiði starfsfólki sínu sanngjörn laun, sem nema í hið minnsta lágmarkslaunum samkvæmt lögum, reglum og/eða kjarasamningum viðkomandi lands.

Birgi styðji félagafrelsi og viðurkenni rétt til kjarasamninga.

3. Velferð dýra

Birgjar sem hafa atvinnu af framleiðslu dýraafurða eða sem meðhöndla með öðrum hætti dýr í starfsemi sinni skulu tryggja mannúðlega meðferð dýra og fylgja lögum og reglum um velferð dýra í hvívetna.

4. Stjórnarhættir

Birgi stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafi gott siðferði í viðskiptum og fylgi lögum og reglum í viðkomandi landi.

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma upplýsingum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi á framfæri og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Aðföng, viðskiptavinum fyrirtækisins, samfélagið og aðra hagaðila.

1. Gildissvið og markmið

Markmið laga um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, er að stuðla að því upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni. Lögin gilda um starfsfólk sem greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns.

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma slíkum upplýsingum á framfæri og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Aðföng, viðskiptavinum, samfélagið og aðra hagaðila.

Reglurnar gilda um alla þá sem starfa eða hafa starfað hjá Aðföngum, hvort sem um er að ræða starfsmenn, stjórnarmenn, verktaka, starfsnema, tímabundna starfsmenn eða aðra þá sem hafa í störfum sínum aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi Aðfanga vegna hlutverks síns. Í reglum þessum eru framangreindir aðilar jafnan nefndir „starfsmaður“ eða „starfsmenn“.

2. Skilgreiningar

Innri uppljóstrun - Með innri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greinir frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila innan fyrirtækisins eða til opinbers eftirlitsaðila.

Ytri uppljóstrun - Með ytri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greini frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila utan fyrirtækisins, til dæmis fjölmiðla. Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar.

Góð trú - Með góðri trú er átt við að starfsmaður hafi góða ástæðu til að telja gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er vera rétt, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

Ámælisverð háttsemi - Með ámælisverðri háttsemi er átt við hátterni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, til dæmis hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

3. Málsmeðferð

3.1. Innri uppljóstrun

Starfsmönnum Haga og dótturfélaga er heimilt að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi samstæðu Haga til þess aðila sem getið er um í gr. 3.2. hér á eftir eða til lögregluyfirvalda eða annarra opinberra eftirlitsaðila sem við eiga.

Þeim upplýsingum eða gögnum sem starfsmaður kann að miðla við innri uppljóstrun skal aldrei komið til aðila þar sem upplýsingarnar eða gögnin verða gerð opinber.

3.2. Tilkynning, móttaka og meðhöndlun innri uppljóstrana

Tilkynningar skulu sendar á netfangið uppljostrun@hagar.is og skal skilmerkilega tilgreint að erindið sé sent á grundvelli laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Óskað er eftir að tilkynning sé eins ítarleg og kostur er. Móttakanda upplýsinganna og/eða gagnanna er skylt að stuðla að því að látið verði af hinni ólögðmætu eða ámælisverðu háttsemi eða tryggja að brugðist verði á annan hátt við henni. Móttakandinn skal einnig greina starfsmanninum, sem miðlaði upplýsingunum og/eða gögnum, frá því hvort upplýsingarnar hafi gefið tilefni til athafna og þá hverra.

Móttakandi upplýsinganna og/eða gagnanna hefur að hámarki 6 virka daga til að taka afstöðu til málsins og skal innan sömu tímamarka upplýsa starfsmanninn um framvindu málsins. Þurfi lengri tíma til að rannsaka og/eða afhafa í málinu skal greina starfsmanni frá því áður en fyrrnefndur frestur rennur út.

Móttakandi upplýsinganna og/eða gagnanna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum og/eða gögnum nema hinn síðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt.

3.3. Ytri uppljóstrun

Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum og/eða gögnum, sbr. gr. 3.2. hér að framan, án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan Haga, er heimilt í góðri trú að miðla umræddum upplýsingum og/eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal á samfélagsmiðla eða til fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu. Í algjörum undantekningartilvikum þegar miðlun skv. framangreindu kemur af gildum ástæðum ekki til greina er miðlun til utanaðkomandi aðila heimil án þess að innri uppljóstrun hafi átt sér stað. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brynna almannahagsmuna að hagsmunir Hagasamstæðunnar verða að vikja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum

sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að vernda:

- öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,
- efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
- heilsu manna,
- umhverfið.

4. Vernd uppljóstrara

Miðlun upplýsinga og/eða gagna telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaður er bundinn af samkvæmt lögum, samningi eða með öðrum hætti, svo framarlega sem miðlunin uppfylli skilyrði laga nr. 40/2020. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á starfsmanninn og getur ekki leitt til stjórnsýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti. Framangreind vernd leysir ekki þann starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum undan saksókn vegna brota sem hann sjálfur kann að hafa tekið þátt í. Þá nær verndin ekki til þeirra starfsmanna sem miðla vísitandi röngum eða villandi gögnum eða upplýsingum um smávægileg mál, í þeim tilgangi að koma höggi á samstæðu Haga eða aðra aðila.

Óheimilt er að láta starfsmann sæta óréttlátri meðferð sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum samkvæmt ákvæðum laga um vernd uppljóstrara. Til slíkrar meðferðar telst til dæmis að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt. Brot á því getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsmanns með tilliti til hvort miðlun hafi verið óheimil eða að starfsmaður er látinn sæta óréttlátri meðferð í kjölfar hennar skal veita starfsmanninum gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsmaður hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.

5. Varðveisla og öryggi gagna tengd uppljóstrunum

Tilkynningar um hugsanlegt misferli eru varðveittar á öruggan hátt og jafn lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir Haga samstæðunnar krefjast. Hagar gæta þess að öll meðferð persónuupplýsinga samræmist lögum um persónuvernd, líkt og lýst er í persónuverndarstefnu félagsins. Ef uppljóstrun reynist ekki á rökum reist og ekki er tilefni til frekari athugunar mun tilkynningu verða eytt án tafar og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að rannsókn máls lýkur, nema lög kveði á um lengri varðveislutíma.

1. Inngangur

Hagar og dótturfélög vilja vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna, góður samfélagsþegn, eftirsóttur vinnuveitandi og ákjósanlegur og öruggur fjárfestingarkostur. Siðareglur þessar gilda um stjórn Haga og allt starfsfólk félagsins og dótturfélaga þess.

Við leggjum áherslu á þarfir viðskiptavina okkar og að við uppfyllum þær á einfaldan og hagkvæman hátt. Við viljum þjóna viðskiptavinum okkar þannig að þeir komi til okkar aftur og aftur. Við erum meðvituð um að orðspor og ímynd fyrirtækisins og traust í okkar garð byggir á frammistöðu okkar hvern dag. Því leggjum við áherslu á að vanda til verka og huga að hverju smáatriði. Við þurfum sjálf að standa vörð um orðspor okkar.

Fyrirtæki Haga eru öll rekin sem sjálfstæð fyrirtæki og hafa ólík rekstrarform og ólíka menningu. Þó er mikilvægt að við séum meðvituð um þær áherslur og gildi sem sameina okkur og gera okkur að því sem við erum. Gildi Haga eru eftirfarandi:

Hagkvæmni	Við leitum stöðugt nýrra leiða til að geta boðið neytendum meira fyrir minna.
Samvinna	Styrkur Haga felst í innbyrðis samvinnu eininganna og uppbyggilegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.
Þjónustulund	Án viðskiptavina væru Hagar ekki til. Við viljum alltaf bæta þjónustu og upplifun þeirra.
Framsækni	Við viljum halda áfram að þróa íslenska verslunarflóru og bjóða neytendum upplifun og gæði í fremstu röð á heimsvísu.

2. Lög og virðing

Við leggjum áherslu á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma.

Við sýnum hvort öðru virðingu og líðum ekki óréttlæti, s.s. einelti, kynferðislega áreitni eða mismunun vegna ómálefnalegra þátta eins og kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar. Ef við verðum vör við einelti eða óréttlæti, upplýsum við yfirmenn okkar um það samstundis.

Okkur er óheimilt að afhenda út úr fyrirtækinu söluvörur eða annan varning sem ekki hefur verið skrifaður út úr sölukerfum fyrirtækisins og okkur er óheimilt að víkja frá útgefnum reglum varðandi afslætti og greiðsluskilmála til einstaklinga og fyrirtækja. Við afgreiðum okkur ekki sjálf né afgreiðum okkur nákomna. Við tilkynnum yfirmanni okkar ef við verðum vitni að þjófnaði, spillingu eða óreiðu innan fyrirtækisins.

Við notum ekki aðstöðu okkar í fyrirtækinu, svo fyrirtækið beri skaða af. Við misnotum ekki tölvupóst, tölvur, bréfsfni eða nafnspjöld o.fl. með persónulegan ávinning í huga.

3. Við gætum trúnaðar

Við erum bundin þagnarskyldu samkvæmt lögum, um hvaðeina sem við verðum áskynja í starfi okkar varðandi viðskiptavinum okkar, sem og um starfsemi fyrirtækisins. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Við förum vel með trúnaðargögn fyrirtækisins og gætum þess að þau séu tryggilega geymd.

4. Gjafir og hagsmunir

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiða nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga viðskipti við fyrirtækið, eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna fyrirtækisins.

Við forðumst að taka ákvarðanir sem geta skapað hagsmunaárekstra. Meginreglan er að hagsmunir okkar og fyrirtækisins fara saman. Við þurfum að vera vakandi og taka heiðarlega afstöðu þegar sú staða kemur upp að ákvörðun okkar fylgir persónulegur ávinningur og leita álits yfirmanns í öllum vafamálum.

5. Samfélagið og félagsmál

Við tökum öll þátt í félagsstörfum og sinnum samfélagsmálum. Við viljum láta gott af okkur leiða. Við gætum þess þó að háttsemi utan vinnutíma hafi ekki slæm áhrif á starf okkar eða orðspor fyrirtækisins. Stjórnendur og yfirmenn fyrirtækisins þurfa skriflega heimild til þess að stunda launaða vinnu utan fyrirtækisins.

6. Góð samskipti

Til þess að bæta árangur okkar og starfsánægju, fylgjum við samskiptareglum og komum fram við hvert annað eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Samskiptareglur:

- 1. Við hrósum og hvetjum hvert annað
- 2. Við virðum skoðanir hvers annars
- 3. Við erum hreinskilin
- 4. Við erum jákvæð
- 5. Við baktölum ekki náungann
- 6. Við hlustum hvert á annað
- 7. Við göngum vel um vinnustaðinn okkar
- 8. Við veitum liðsinni ef við sjáum að einhverjum líður illa
- 9. Við fundum reglulega saman og tryggjum þannig góð samskipti
- 10. Við erum létt í lund – húmorinn til staðar

Þannig samþykkt 7. apríl 2022



A D F Ö N G

Heimsmarkmiðin

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

Aðföng og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Við höfum forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum Aðfanga. Þau tengjast kjarnastarfsemi okkar, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Markmiðin okkar



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 10

Aukinn jöfnuður



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum





Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs		Heiti verkefnis
1	Heilsa og öryggi á vinnustað	
1.1	Aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir	Öryggishandbækur endurskoðaðar Áhættumat endurskoðað Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning
1.2	Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	Nýliðafræðsla Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum
1.3	Heilsueflandi vinnustaður	Heilsueflandi fræðsla í samstarfi við heilbrigðisþjónustu (Heilsuvernd) Heilsufarsskoðanir, niðurstöður sem snúa að vinnuumhverfi rýndar til gagns Sjúkraþjálfari sem leiðbeinir starfsmönnum með rétta líkamsstöðu við sín störf Bjóða upp á flensuspauptu Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 3 mánuði Tvær meðferðir í velferðarþjónustu Heilsuverndar (5 skipti per meðferð)
2	Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	
2.1	Kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar eru ekki liðin	Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðaþjálfun Stjórnendur kynna stefnuna fyrir starfsmönnum Nafnlaust tilkynningarferli
2.2	Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum
2.4	Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	Uppfærum "Landakort Aðfanga" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins

3	Samfélagsleg áhrif vöruframboðs	
3.2	Aukning á framboði á vörum sem bæta lýðheilsu landsmanna	Greina hlutfall seldra heilsusamlegra vara Greina hlutfall seldra vara með vottun um hollustu Kynna fyrir viðskiptavinum framboð heilsusamlegra vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára
3.3	Aukning á framboði á vottuðum og lífrænum vörum	Greina hlutfall seldra vara með umhverfisvottun Greina hlutfall seldra vara með lífræna vottun Kynna fyrir viðskiptavinum framboð vottaðra og lífrænna vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára
3.4	Aukning á framboði á vörum sem skapa virði í íslensku samfélagi	Magn seldra vara frá íslenskum frumkvöðlum Magn seldra vara með þjónustu frá vernduðum vinnustöðum Kynna fyrir viðskiptavinum vöruframboð
3.5	Fræðsla til neytenda um sjálfbærar og heilsusamlegar vörur	Sameiginleg markaðsátök og fræðsla með viðskiptavinum



Við styðjum við **heimsmarkmið 10** um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
2	Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað
2.2	Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu
2.3	Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf
2.4	Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla



Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

Umhverfispættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1Draga úr vöru- og matarsóun í virðis_keðjunni	
1.1Kortleggja núverandi matarsóun í virðis_keðjunni	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu birgjum Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu viðskiptavinum
1.2Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Fjöldi samtala við birgja Fjöldi samtala við viðskiptavini
1.3Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15% per ár með því að koma í áframhaldandi notkun.
1.4Besta umbúðir m.t.t. líftíma vara, endurnýtanleika o.fl.	Greina umbúðir m.t.t. matarsóunar og efnisnotkunar Fjöldi samtala við viðskiptavini, birgja og móttökuaðila umbúða um umbúðalausnir Hlutfall endurnýtttra umbúða (til viðskiptavina eða annarra aðila) Merking á umbúðir til neytenda um hvernig á að flokka (merkingar FENÚR)
2Draga úr úrgangi frá rekstri	
2.1Gera greiningu á sorpi og söfnun þess	Greina verklag um hvernig sörpmálum er háttað
2.2Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi X% lækkun á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)
2.3Heildræn stefna í úrgangsmálum	Stefna í úrgangsmálum
2.4Flokka a.m.k. 80% af sorpi frá rekstri	Hlutfall flokkaðs sorps

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
3Samfélagsleg áhrif vöruframboðs	
3.1Til staðar sé innkaupastefna sem tekur mið af sjálfbærni	Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni

Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
1.1Þróa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila	Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest
1.2Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum	Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns
1.4Gefa út metnaðarfulla sjálfbærniskýrslu sem tekur á helstu UFS þáttum	Sjálfbærniskýrsla
1.5Siðareglur um vernd uppljóstrara	Fylgja reglum Haga um vernd uppljóstrara
2Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga	
2.1Til staðar sé persónuverndarstefna	Útgefin ný/uppfærð persónuverndarstefna
2.2Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	Vinnsluskrá uppfærð Vinnuferill útbúinn sem uppfyllir kröfu persónuverndalaga
2.3Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	Verkferlar þannig að staða á innleiðingu persónuverndarlaga uppfylli ávallt stöðuúttekt utanaðkomandi aðila



Við styðjum við **heimsmarkmið 13** um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

Umhverfispættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
3 Losun gróðurhúsalofttegunda	
3.1 Finna grunnspor m.v. núverandi rekstur	Uppfæra losunarpætti í grunnspori
3.2 Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarpátta	Heildar % lækkun og % lækkun hvers þáttar
3.3 Notast við ábyrga kolefnisjöfnun	Kaupa vottaðar kolefniseiningar ásamt því að styðja við íslenska aðila í kolefniseiningaferlinu
3.4 Nákvæmari mæling á umfangi 3	Endurskoða umfang 1 og 2 Umfang 3, frásteymi (e. Downstream) Umfang 3, aðstreymi (e. Upstream)

Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
1.4 Gefa út metnaðarfulla sjálfbæriskýrslu sem tekur á helstu UFS þáttum	Sjálfbæriskýrsla



Umhverfispættir

Heiti markmiðs		Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími	Staða markmiða í lok árs 2024
1	Draga úr vöru- og matarsóun í virðis­keðjunni					
1.1	Kortleggja núverandi matarsóun í virðis­keðjunni	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu birgjum Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu viðskiptavinum	2022 2023 2023	Í gangi (samr. skilgr. mæliein.) Ekki hafið Ekki hafið
1.2	Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Fjöldi samtala við birgja Fjöldi samtala við viðskiptavini	2025 2022 Árlega Árlega	Ekki hafið (hangi með 1.1-1) Í gangi (þarf að skjala) Ekki hafið (fylgir á eftir 1.1-2) Ekki hafið (fylgir á eftir 1.1-3)
1.3	Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	12 - Ábyrg neysla og framl.	Umhverfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15%/ár með því að koma í áframhaldandi notk.	Árlega	Í gangi → hlutf.gr. ólokið
1.4	Besta umbúðir m.t.t. líftíma vara, endurnýtanleika o.fl.	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greina umbúðir m.t.t. matarsóunar og efnisnotkunar Fjöldi samtala við viðskiptavini, birgja og móttökuaðila umbúða um umbúðalausnir Hlutfall endurnýtttra umbúða (til viðskiptavina eða annarra aðila) Merking á umbúðir til neytenda um hvernig á að flokka (merkingar FENÚR)	2023 2023 2023 2023	Lokið að hl. (nánar AFE v/ efnisn.) Ekki hafið Lokið að hl. (nánar innl. & löggj.) Í gangi & gengur vel (samhl uppf.)
2	Draga úr úrgangi frá rekstri					
2.1	Gera greiningu á sorpi og söfnun þess	12 - Ábyrg neysla og framl.	Umhverfi	Greina verklag um hvernig sorpmálum er háttað	2022	Lokið. Hreinni úrgangsstr.
2.2	Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	12 - Ábyrg neysla og framl.	Umhverfi	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi X% lækkun á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)	2022 2023	Greiningu lokið → Verkl. í vinnslu Lokið að hluta
2.3	Heildræn stefna í úrgangsmálum	12 - Ábyrg neysla og framl.	Umhverfi	Stefna í úrgangsmálum	2022	Verkefnislok 2025
2.4	Flokka a.m.k. 80% af sorpi frá rekstri	12 - Ábyrg neysla og framl.	Umhverfi	Hlutfall flokkaðs sorps	Árlega	Lokið / Klappir
3	Losun gróðurhúsalofttegunda					
3.1	Finna grunnspor m.v. núverandi rekstur	13 - Aðgerðir i loftslagsmálum	Umhverfi	Uppfæra losunarpætti í grunnspori	2022	Lokið
3.2	Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarpátta	13 - Aðgerðir i loftslagsmálum	Umhverfi	Heildar % lækkun og % lækkun hvers þáttar	2022	Lokið
3.3	Notast við ábyrga kolefnisjöfnun	13 - Aðgerðir i loftslagsmálum	Umhverfi	Kaupa vottaðar kolefniseiningar ásamt því að styðja við íslenska aðila í kolefniseiningaferlinu	2023	Lokið
3.4	Nákvæmari mæling á umfangi 3	13 - Aðgerðir i loftslagsmálum	Umhverfi	Endurskoða umfang 1 og 2 Umfang 3, frásteymi (e. Downstream) Umfang 3, aðstreymi (e. Upstream)	2022 2023 2025	Lokið Í gangi Lokið

Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Félagslegir þættir

Heiti markmiðs		Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími	Staða markmiða í lok árs 2024
1	Heilsa og öryggi á vinnustað					
1.1	Aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Öryggishandbækur endurskoðaðar Áhættumat endurskoðað Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning	Árlega eða oftar Árlega eða oftar Árlega eða oftar 4x ári	Lokið Lokið Í gangi Í gangi
1.2	Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Nýliðafræðsla Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum	Árlega Árlega 4x á ári	Í gangi Í gangi Í gangi
1.3	Heilsueflandi vinnustaður	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Heilsueflandi fræðsla í samstarfi við heilbrigðisþjónustu (Heilsuvernd) Heilsufarsskoðanir, niðurstöður sem snúa að vinnuumhverfi rýndar til gagns Sjúkraþjálfari sem leiðbeinir starfsmönnum með rétta líkamsstöðu við sín störf Bjóða upp á flensusprautu Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 3 mánuði Tvær meðferðir í velferðarþjónustu Heilsuverndar (5 skipti per meðferð)	Árlega 2ja ára fresti 2ja ára fresti Árlega Árlega Árlega	Í gangi → markv. m. Relesys '24 Í gangi → tengt gr. á veikindatilk. Í gangi → framkv. fyrst '24 Í gangi Í gangi Í gangi; tengt sérbeiðni stm.
2	Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað					
2.1	Kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar eru ekki liðin	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðaþjálfun Stjórnendur kynna stefnuna fyrir starfsmönnum Nafnlaust tilkynningarferli	Árlega Árlega 2022	Lokið (birt í Relesys) Lokið (birt í Relesys) Lokið að hluta (gegnum Moodup)
2.2	Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	3 – Heilsa og vellíðan 10 – Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum	2023	Lokið (birt í Relesys)
2.3	Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	10 – Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Jafnlaunavottun sé viðhaldið og niðurstaðan úttektar kynnt fyrir starfsmönnum Útkoma úr launagreiningu sé <2%	Árlega Árlega	Lokið Lokið
2.4	Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	3 – Heilsa og vellíðan 10 – Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Uppfærum "Landakort Aðfanga" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins	Mánaðarlega Árlega	Ekki hafið Ekki hafið

Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími	Staða markmiða í lok árs 2024
3 Samfélagsleg áhrif vöruframboðs					
3.1 Til staðar sé innkaupastefna sem tekur mið af sjálfbærni	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Starfsmannamál	Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni	2023	Ekki hafið
3.2 a) Aukning á framboði á vörum sem bæta lýðheilsu landsmanna	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Greina hlutfall seldra heilsusamlegra vara Greina hlutfall seldra vara með vottun um hollustu Kynna fyrir viðskiptavinum framboð heilsusamlegra vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára	2023 2023 2x á ári Árlega	Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar
3.3 Aukning á framboði á vottuðum og lífrænum vörum	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Greina hlutfall seldra vara með umhverfisvottun Greina hlutfall seldra vara með lífræna vottun Kynna fyrir viðskiptavinum framboð vottaðra og lífrænna vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára	2023 2023 2x á ári Árlega	Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar Á bið, takmarkast af innleiðingu gagnalaugar
3.4 Aukning á framboði á vörum sem skapa virði í íslensku samfélagi	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Magn seldra vara frá íslenskum frumkvöðlum Magn seldra vara með þjónustu frá vernduðum vinnustöðum Kynna fyrir viðskiptavinum vöruframboð	Árlega Árlega Árlega	Í gangi (tengt Uppsprettnunni; greiningu ólokið) Ekki hafið Ekki hafið
3.5 Fræðsla til neytenda um sjálfbærar og heilsusamlegar vörur	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Sameiginleg markaðsátök og fræðsla með viðskiptavinum	Árlega	Í gangi

Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heimsmarkmið Sp	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími	Staða markmiða í lok árs 2024
1	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu				
1.1	Þróa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest	2023 2023 Ekki hafið Ekki hafið
1.2	Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns	Árlega Árlega Árlega 2023 Lokið Lokið (birt í Relesys) Lokið (í gegnum Relesys) Lokið
1.3	Setja sjálfbærni og loftslagsmál sem dagskrárlið inn í fundarsköp stjórnenda Aðfanga	13 - Aðgerðir i loftslagsmálum	Stjórnarhættir	Endurskoðun stjórnarháttá	2022 Lokið
1.4	Gefa út metnaðarfulla sjálfbærniskýrslu sem tekur á helstu UFS þáttum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla 13 - Aðgerðir i loftslagsmálum	Stjórnarhættir	Sjálfbærniskýrsla	Árlega Lokið
1.5	Siðareglur um vernd uppljóstrara	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Fylgja reglum Haga um vernd uppljóstrara	Árlega Lokið (birt í Relesys)
2	Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga				
2.1	Til staðar sé persónuverndarstefna	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Útgefin ný/uppfærð persónuverndarstefna	2022 Lokið
2.2	Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Vinnsluskrá uppfærð Vinnuferill útbúinn sem uppfyllir kröfu persónuverndalaga	Árlega Árlega Lokið Lokið
2.3	Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Verkferlar þannig að staða á innleiðingu persónuverndarlaga uppfylli ávallt stöðuúttekt utanaðkomandi aðila	2023 Í gangi (þarf að skjala)

Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemi Aðfanga byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og við viljum leggja okkar að mörkum til að heimsmarkmiðin náist fyrir árið 2030. Við munum áfram leggja sérstaka áherslu á fjögur markmið þar sem við teljum að við getum lagt mest af mörkum:



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 10

Aukinn jöfnuður



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum

Við lítum svo á að með gerð árlegrar sjálfbæriskýrslu sköpum við ákveðinn farveg fyrir markvissa vinnu sem gerir Aðföng að betra og ábyrgara fyrirtæki. Þessi vinna sem felst í gerð sjálfbæriskýrslunnar veitir okkur gott aðhald í þeirri vegferð okkar að lágmarka úrgang og sóun, skapa heilbrigt starfsumhverfi, hafa góð áhrif á samfélagið og sýna ábyrga stjórnarhætti.

Við höfum verið að glíma við stórar áskoranir á síðustu árum, eins og verðsveiflur á mörkuðum, COVID-19, stríð í Evrópu og breyttar áherslur Bandaríkjanna þegar kemur að alþjóðasamstarfi. Þrátt fyrir þessar ásoránir þá hefur markviss vinna okkar við umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti gengið vel á síðustu árum en auðvitað viljum við alltaf gera betur. Við horfum fram á veginn full bjartsýni og áræðni, ákveðin í að vinna áfram í átt að aukinni sjálfbærni með hag starfsfólks, umhverfis og samfélags í huga.



Vestrahorn – Mynd eftir Thomas Fatin



Ábyrgð
Heiðarleiki
Liðsheild
Metnaður